



# Staða drengja í menntakerfinu

## Tillögur að úrbótum



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og barnamálaráðuneytið

## Útgáfa

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Júní 2024

[www.mrn.is](http://www.mrn.is)

[mrn@mrn.is](mailto:mrn@mrn.is)

## Höfundur

Tryggvi Hjaltason

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Aðferðarfræði og nálgun                         | 4  |
| Staðan  | 9  |
| Af hverju er þetta svona?                       | 15 |
| Lausnir   | 22 |
| Samfélagslegur kostnaður og áframhaldandi þróun | 36 |
| Rýnt í lykilniðurstöður                         | 39 |
| Hvað er að virka vel?                           | 65 |
| Lokaorð   | 69 |

# Útdráttur

Í lok árs 2022 setti Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, á fót vinnu við að kortleggja áskorun drengja í íslensku menntakerfi og mögulegar lausnir. Vaxandi fjöldi mælinga gefur til kynna hrakandi námsárangur drengja, aukið brottfall og fleiri áskoranir. Um 47% drengja getur ekki lesið sér til gagns samkvæmt PISA mælingum 2022 við útskrift úr 10. bekk og þriðjungur nær ekki grunnviðmiðum í stærðfræði og náttúruvísindum. Einungis þriðjungur nýnema í háskóla eru drengir, eitt mesta brottfall drengja úr framhaldsskólum í Evrópu er á Íslandi, stór hluti þeirra upplifir lítinn tilgang með námi sínu og að fá ekki áskoranir m.v. færni. Þá eru drengir þrefalt líklegri en stúlkur til að vera með einkunnir undir 6,5 í framhaldsskóla.

Tekin voru yfir hundrað viðtöl við sérfræðinga, hagaðila, kennara, foreldra og drengi og viðamikil greining fór fram á nýjum og fyrirliggjandi tölfræðigögnum. Leitast var við að svara því hvað þyrfti til fyrir bjarta framtíð drengja í Íslensku menntakerfi.

Þrjár lykilniðurstöður komu í ljós er varða áskoranir drengja:

1. Menntakerfið á oft erfitt með að veita drengjum stuðning og umhverfi sem mætir þeirra þörfum og stuðlar að bættri líðan, virkni og árangri.
2. Drengjum leiðist fremur í námi og þurfa skýrari tilgang og fjölbreyttari áskoranir til að efla virkni og námsárangur.
3. Drengir þurfa meiri tungumálastuðning.

Til að mæta þessari stöðu drengja eru lagðar til átta lausnir með samtals 27 liðum af aðgerðum. Hver aðgerð byggir á ráðgjöf og reynslu kennara og sérfræðinga, árangri af vel heppnuðum úrræðum og mælingum á farsæld drengja.

Það er kappsmál að geta boðið börnunum okkar upp á skólagöngu þar sem við vekjum áhuga þeirra og ræktum forvitni í umhverfi með skýrum tilgangi og vellíðan barnanna. Niðurstaða greiningar á gögnum, viðtölum og farsælum fordæmum gefur tilefni til að ætla að hægt sé að ná miklum, skilvirkum og mælanlegum árangri þegar kemur að bættri líðan, virkni og árangri drengja í íslensku menntakerfi.

# Aðferðafræði og nálgun



# Nálgun

Vinnan sem býr að baki þessari skýrslu var með þrjú meginmarkmið:

1. Leitast við að skilja hverjar séu lykiláskoranir drengja í íslensku menntakerfi og hvernig þær mælast og birtast í skólastofunni, lífi og framtíðarhorfum drengjanna.
2. Leitast við að skilja hverjar séu líklegar orsakir m.v. hvata og námsumhverfi drengja.
3. Leitast við að skilja lausnalandslagið og veigamestu breyturnar til að tryggja bjarta framtíð drengja í menntakerfinu.

Þetta var fyrst og fremst gert með viðtölum og var leitast við að tala við lykilaðila sem hafa reynslu og þekkingu af áskorun drengja í menntakerfinu. Tekin voru 112 viðtöl við samtals 104 viðmælendur. Í öðru lagi var leitast eftir að greina lykilrannsóknir og mælingar sem hafa átt sér stað á Íslandi og erlendis er varpa ljósi á stöðu drengja í menntakerfinu, mögulegar lausnir og dýpt og umfang áskorana. Í þessu ljósi voru 37 gagnabankar og skýrslur greindar ásamt því að 8 bækur og greinar voru lesnar.

# Viðtöl

112 formlegum viðtölum lokið við 86 viðmælendur ásamt 18 óformlegum foreldraviðtölum. Samtals 104 viðmælendur.

## Skólakerfið

12 djúpvíðtöl við drengi í 7-10 bekk á landsbyggðinni

Formaður grunnskólakennara

Formaður Kennarsambandsins

Fimm skólastjórar

Tveir aðstoðarskólastjórar

15 kennarar

7 viðtöl við 15-17 ára drengi á höfuðborgarsvæðinu

Leikskólastjóri

## Skólaumhverfið

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kóp

Íris Róbertsdóttir, fyrrum kennari og bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar

Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðstjóri menntasviðs Kópavogsb.

Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar Kóp.

Bergþóra Þórhallsdóttir, verkefnastjóri menntasviðs Kóp.

Ingvi Hrannar Ómarsson, MRN

Victor Berg Guðmundsson, MRN

Hjördís Þórðardóttir, MRN

Guðni Olgeirsson, MRN

Þrjár sérfræðingar MMS (3x)

Forstjóri MMS (7x)

## Skólaumhverfið

Forseti Menntavísindasviðs HÍ (3x)

Bergdís Wilson, skólasálfræðingur

Nanna Christiansen, uppeldis- og menntunarfræðingur

Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, læsisfr.

Margrét Pála Ólafsdóttir, upphafsmaður Hjallastefnunnar

Kristján Ketill Stefánsson, lektor í kennslufræði við HÍ

Hulda Skogland, menntagagnasérfræðingur (4x)

Tinna Sigurðardóttir, talmeinafræðingur

Tinna Tómasdóttir, talmeinafræðingur

Ásthildur Bj. Snorradóttir, sérkennari og talmeinafræðingur

## Aðrir

Josh Klein, tæknisérfræðingur

Jaron Lanier, framtíðarsérfræðingur, Microsoft

Lila Tretikov, fyrrum frkvstj. Wikipedia og tæknistjóri hjá Microsoft

Hermundur Sigmunds, prófessor

Helgi Rúnar, framkvæmdastjóri

Gunnar Haugen, mannauðsmál og rannsóknir

Nökkvi Dan, gagnasérfræðingur

Ásta Fjeldsted, forstjóri

Finnur Odds, forstjóri

Ilmur Kristjáns, leikkona

Sölvi Blöndal, hagfræðingur

Þorvaldur Davíð, leikari

Guðný Bogadóttir, hjúkrunarfræðingur

Aníta Ársælsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur

Stjórn samtaka menntatæknifyrirtækja

18 „óformleg“ foreldraviðtöl



# Lykilgögn og mælingar

## 37 gagnabankar og skýrslur – 8 bækur og greinar

### Íslenskar mælingar, skýrslur og rannsóknir

Skólapúlsinn, niðurstöður úr mælingum framkvæmdar í september/október 2023 með yfir 5000 svörum

TALIS rannsókn 2018 – starfshættir og viðhorf kennara og skólastjóra á unglíngastigi grunnskóla

Niðurstöður samræmdra prófa

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið – 2022 MMS

Ytra mat á grunnskólastarfi: Ársskýrsla 2021 - Menntamálastofnun

Niðurstöður úr *Kveikjum neistann* verkefninu

Margvíslegar upplýsingar og mælingar um íslenskt skólakerfi frá Hagstofunni

Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólalálds í grunnskólum skólaárin 2010-2016

Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn um brottfall nema í framhaldsskólum

Skráning nemenda í Háskóla Íslands

Skýrsla starfshóps Rvk um námsárangur drengja 2011

### Íslenskar mælingar, skýrslur og rannsóknir

Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining.

Skýrsla: Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. Velferðarvaktin. 2022

Rannsókn: Ungt fólk 2022: Landið: Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk. Rannsóknir og greining

Langtímarannsókn: Samvinna um læsi fyrir alla, undir stjórn Önnu Lindar Pétursdóttur

Skýrsla um læsi, tekin saman fyrir menntamálaráðherra 2023.

Gögn frá menntamálaráðuneytinu um einkunnir og útskriftir framhaldsskólanema á Íslandi árin 2020-2023.

Menntamálastofnun – Ragnar F. Ólafsson 2019: TALIS 2018 - Leikskólastig: Starfshættir og viðhorf starfsfólks leikskóla.

Menntamálastofnun – Ragnar F. Ólafsson 2019: Starfshættir og viðhorf kennara og skólastjóra á unglíngastigi grunnskóla.

### Bækur og greinar

Embedded: Formative Assessment – Dylan William

Boys Adrift: The five factors driving the growing epidemic of unmotivated boys and underachieving young men – Leonard Sax

Of boys and men: why the modern male is struggling, why it matters and what to do about it. – Richard V. Reeves

Nanna Kristín Christianssen, Leiðsagnarnám/Leiðsagnarmat, Tímarit kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands, 2021, 9, bls 28-30.

Hidden Potential: The Science of achieving greater things. – Adam Grant

The talent code – The Talent Code: Greatness Isn't Born. It's Grown. Here's How – Daniel Coyle

Gísli Gylfason og Gylfi Zoega. 2021: Um pílta og stúlkur í íslenska menntakerfinu. Icelandic Journal of Education / Tímarit um Uppeldi og Menntun . 2021, Vol. 30 bls.135-165.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson. 2021. Að tilheyra í skólanum: Áhrifaþættir á upplifun grunnskólanema. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2021 – HBSC og ESPAD rannsóknirnar.



# Lykilgögn og mælingar (framhald)

## 37 gagnabankar og skýrslur – 8 bækur og greinar

### Alþjóðlegar mælingar, skýrslur og rannsóknir

PISA 2022: Helstu niðurstöður á Íslandi

OECD PISA 2018 niðurstöðuskýrsla

OECD: World Class: How to build a 21st century school system. (2018)

McKinsey: How the world's best performing school system come out on top (2007)

Skýrslur heimsbankans: SABER (Systems Approach for Better Education Results)

UNESCO skýrslur: The Global Education Monitoring Report

The effects of teacher-identified student academic strengths on student engagement and academic achievement. Journal of Experimental Education, 79(1), 51-72. (2011)

European Commission/EACEA/Eurydice. The Teaching Profession in Europe: Practices, Perceptions, and Policies. Eurydice Report (2018).

Godec, S., & Kidron, A. Student self-assessment as an indicator of school quality: Evidence from Israel. Educational Assessment, Evaluation and Accountability, 31(1), 1-16. (2019).

European Commission. Supporting the Teaching Professions for Better Learning Outcomes. Luxembourg: Publications Office of the European Union (2017).

European Health Information Gateway: Liking School

### Alþjóðlegar mælingar, skýrslur og rannsóknir

UNICEF skýrsla: Understanding what shapes child well-being in rich countries

OECD skýrsla: Improving Lower Secondary Schools in Norway (2011),

Worlds of Influence Understanding What Shapes Child Well-being in Rich Countries Innocenti Report Card 16 sem Unicef gaf út 2020

Passion, grit and mindset in young adults: Exploring the relationship and gender differences. Sigmundsson, Haga, Hermundsdottir. (2020)

Skýrsla OECD frá 9.mai 2023: Joining Forces for Gender Equality: What is Holding us Back?.

Skýrsla OECD frá 5.mars 2015: The ABC of Gender Equality in Education: Aptitude, Behaviour, Confidence.

Skýrsla OECD frá 19.júní 2019: TALIS 2018 Results (Volume I): Teachers and School Leaders as Lifelong Learners .

-OECD. (2019). PISA 2018 Results (Volume II): Where All Students Can Succeed. bls. 30



# Staðan



## Strákur fer í skóla

Hvaða meðalniðurstöðu má drengur vænta sem hefur nám sitt í íslensku menntakerfi í dag?




# Árangur byrjar snemma að mælast verr og það eykst með árunum

Strax í fjórða bekk verður kominn talsverður mælanlegur kynjamunur á árangri sem mun svo aukast alla skólagönguna

## Meðaleinkunn í íslensku í 4., 7. og 10. bekk eftir kyni árið 2015

Mynd 9.4



„Ef skoðaður er kynjamunur í lesfimi eftir bekk sést að frammistaða stúlkna er ávallt betri en frammistaða drengja en munurinn virðist byrja að einhverju marki sem máli skiptir við lok 4. bekkjar, þaðan sem hann eykst árlega.“

-Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um læsi. 2023. bls 19

Drengir voru þrefalt líklegri til að vera með meðaleinkunn undir 6,5 en stúlkur við útskrift úr framhaldsskóla árið 2023.\*

**Heimildir:** Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 2010-2016 bls 45.

Skýrsla menntamálaráðherra um læsi. 2023. bls 19.

\*10,4% allra þeirra drengja sem útskrifuðustu af bóknaðsbrautum úr framhaldsskólum árið 2023 voru með meðaleinkunn undir 6,5 en 3,6% stúlkna. Gögn frá MRN. PISA 2022 niðurstöður.



Samkvæmt PISA mælingum 2022 voru **47%** drengja og **32%** stúlkna undir hæfnisþrepi 2 í PISA og teljast því **ekki búa yfir grunnhæfni í lesskilningi**. Þetta er um tvöföldun hjá drengjunum síðan 2009.



Einungis **2%** íslenskra drengja nær afburðahæfni í lesskilningi sem er nær fjórum sinnum lægra en meðaltal hinna Norðurlandanna sem er **7%**.

Ísland sker sig nokkuð úr með slæmar mælingar hjá drengjum og er **hærra hlutfall hér af drengjum í lægri hæfnisþrepum en í öðrum OECD-ríkjum**.

## Við útskrift úr grunnskóla gæti hann orðið **einn af hverjum tveim** strákum sem getur ekki lesið til gagns


Íslensk börn skora sérstaklega lágt í matsþættinum: „mat og ígrundun“ og eru þar lengst á eftir meðaltali OECD. Mat og ígrundun reynir á hæfni nemenda til að túlka og skilja texta í víðara samhengi og er talið sérstaklega mikilvæg geta til að draga ályktanir út frá textum og geta notað þekkinguna.

# Við útskrift úr grunnskóla gæti hann orðið **einn af hverjum þrem** strákum sem nær ekki grunnhæfni í stærfræðilæsi og læsi á náttúruvísindi

Áberandi er að í öllum mældum greinum PISA eru íslensk börn, bæði stúlkur og drengir, að mælast með umtalsvert lægra hlutfall nemenda sem ná „afburðahæfni“. 2% íslenskra nemenda nær afburðahæfni í náttúruvísindum á móti 7% meðaltali OECD. 3% íslenskra nemenda ná afburðahæfni í lesskilning á móti 7% meðaltali OECD og 5% í stærðfræði á móti 9% meðaltali OECD.

35% drengja nær ekki grunnhæfni í stærðfræðilæsi og 39% drengja nær ekki grunnhæfni í læsi á náttúruvísindi.

6% íslenskra drengja nær afburðahæfni í stærðfræði, sem er nær tvöfalt lægra en meðaltal OECD sem er 11%



# Einna minnstu líkurnar á að klára framhaldsnám af öllum þróuðum ríkjum



## Eitt mesta brottfall drengja úr framhaldsskóla á Vesturlöndum

40% meira en hjá stúlkum



## Um þriðjungur nema í HÍ eru drengir

Íslenskir karlmenn hafa eitt lægsta innskráningarlutfall í háskóla sem mælist í OECD



## Árið 2020 voru 47,6% kvenna með háskólamenntun en einungis 34,3% karla

Þessi munur eykst ár frá ári og er „óvíða jafn mikill og á Íslandi“ eins og kom fram í skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um samantekt á menntatölfræði OECD frá 2018



## Árið 2022 er hlutfall 25-34 ára karla með grunnskólapróf sem hæsta menntunarstig 31%, um tvöfalt hærra en meðaltal OECD sem er 16%

Ísland er í fimmta neðsta sæti OECD-ríkjanna, neðst norðurlanda og hefur fallið stöðugt niður á listanum undanfarin ár.

**Heimildir:** Gögn hagstofu um menntunarstöðu þjóðarinnar  
Skýrsla Mennta- og menningarmálaráðuneytis um samantekt á menntatölfræði OECD frá 2018  
Kynning háskólaráðherra á gögnum frá OECD um stöðu í menntamálum á Íslandi árið 2022  
Nemendatölfræði frá HÍ



# Af hverju er þetta svona?



# Meðalferðalagið að mörgu leyti ágætt...

Jákvæði hlutinn af ferðalaginu:

Um helmingur drengja virðist fara í gegnum grunnskóla og framhaldsskólagöngu sína og ráða ágætlega við námið, telja námið hæfilegt viðfangs, sjá tilgang í því og reyna við háskólanám. Meirihluti drengja líður einnig nokkuð vel í skólanum og hafa ekki miklar áhyggjur.

**En...**

....„jaðartilfelli“ sem passa passa illa inn í núverandi kerfi er um þriðjungur drengja.

**Heimildir:** Rannsókn: Rannsókn meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining.

Viðtöl skýrsluhöfundar við kennara og foreldra, febrúar-maí 2023.

Skýrsla: Ytra mat á grunnskólastarfi. Ársskýrsla 2021. Menntamálastofnun

Rannsókn: Ungt fólk 2022: Landið: Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk. Rannsóknir og greining

Rannsókn: Íslenska æskulýðrannsóknin 2023

Einkunnir og útskriftir úr framhaldsskóla 2020-2023. Gögn frá menntamálaráðuneytinu.

Samtöl við 15-17 ára drengi í ungmenna og fulltrúaráði Samfés





## Þrjár lykilniðurstöður

1. Menntakerfið á oft erfitt með að veita drengjum **stuðning** og umhverfi sem mætir þeirra þörfum og stuðlar að **bættri líðan, virkni og árangri**
2. Drengjum leiðist fremur í námi og þurfa skýrari tilgang og fjölbreyttari áskoranir til að efla virkni og námsárangur
3. Drengir þurfa meiri tungumálastuðning



# Með gögn, viðtöl og mælingar til viðmiðunar er hægt að finna mikilvægar breytur í meðalferðalagi þeirra drengja sem lenda í áskorunum í menntakerfinu...

1. Drengir byrja snemma að mælast í miklum meirihluta barna með málþroskaáskoranir.

2. Í fjórða bekk er komin áberandi munur á kynjunum í tungumálagetu og frá og með fjórða bekk dregur stanslaust meira í sundur á milli kynja.

• Í gegnum alla grunnskólagönguna virðist hreyfipörf drengja oft illa mætt. Tjáning drengja er oftár líkamleg og þeir eru mikill meirihluti barna sem „lenda utan kerfisins“.

6. Á unglingastigi grunnskóla og í framhaldsskóla upplifir þriðjungur drengja að þeir fái ekki áskorun m.v. færni. Nær fimmjungur á unglingastigi upplifir nám sitt tilgangslaust og 38,5% leiðist nám sitt og vantar vinnufrið í kennslustundum. 38,5% barna í 6-10 bekk telja að það sé hávaði og óróleiki í flestum eða öllum kennslustundum.

5. Drengir munu hafa fáar karlkyns fyrirmyndir í námi sínu. Minna en tveir af tíu kennurum drengs eru karlmenn að meðaltali.

4. Foreldrar skilja illa hvernig þeir geta hjálpað drengjum sínum að ná árangri í námi þar sem markmið og leiðbeiningar eru oft óljós.

7. Við útskrift úr grunnskóla búa 47% drengja ekki yfir grunnhæfni í lesskilningi. Stúlkur mælast ávallt hærra í lesfimi. Innri áhugahvöt gagnvart lestri mælist lægri hjá drengjum.

8. 27% allra drengja í framhaldsskóla segist ekki leggja nægilega rækt við nám sitt og eru drengir tvöfalt líklegri til að detta úr námi á því stigi en stúlkur. Aðal orsökina fyrir þessum mikla brotfalls mun eru einkunnir (árangur).

9. Drengir hafa lægsta innritunarhlutfall í háskóla í OECD.

## Heimildir:

1. Skýrsla um læsi. 2023. Upplýsingar úr viðtölum við talmeynafræðinga, hjúkrunarfræðinga og kennara ásamt gögnum úr biðlistum Tröppu sem sýna að 66% allra barna (292 í heildina) sem hafa verið á biðlista eða hlotið þjónustu Tröppu vegna málþroskaáskorana á árunum 2019 til 2023 eru drengir.
2. Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um læsi. 2023. Niðurstöður mælinga á samræmdum prófum á íslensku, sjá t.a.m. skýrslu mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólalags í grunnskólum skólaárin 2010-2016 bls. 45. Einkunnir útskriftanemenda úr framhaldsskólum árið 2023 sýnir að drengir eru 3x líklegri til að hafa meðaleinkunn undir 6,5, hafa lægri heildareinkunn og eru nær tvöfalt ólíklegri en stúlkur til að vera með yfir 9.
3. 57 viðtöl skýrsluhöfundar við kennara, foreldra og nemendur, febrúar-september 2023.
4. Skýrsla Menntamálastofnunar frá júní 2022 sem ber heitið: „Matsferill: Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið“ & Skýrsla: Ytra mat á grunnskólastarfi. Ársskýrsla 2021. Menntamálastofnun ásamt foreldra- og kennaraviðtölum.
5. 17,9% allra kennara eru karlmenn samkvæmt tölum hagstofunnar fyrir árið 2022.
6. Rannsókn: Ungt fólk 2022: Landið: Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk. Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining. Niðurstöður úr skólapólisi 2023-2024.
7. Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um læsi. 2023. PISA 2022 niðurstöður.
8. Skýrsla: Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. Velferðarvaktin. 2022: „Samkvæmt niðurbrotsgreiningunni er meirihlutinn af muninum á brotthvarfslíkum drengja og stúlkna kominn til vegna námsárangurs, eða 77,4%. Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining.
9. Allt ofangreint ásamt mælingum OECD á háskólaskráningum.




# Námsárangur drengja – lærdómur frá Evrópu

## Kafli eftir Huldu Skogland, sérfræðing á greiningarsviði Menntamálastofnunar

Niðurstöður rannsókna á námsárangri barna hafa áratugum saman bent til þess að *ef bæði kyn fá jöfn tækifæri til náms, eiga drengir og stúlkur að eiga jafnan möguleika á árangri í námi*. Bilið milli drengja og stúlkna hvað námsárangur varðar hefur þó víða verið að aukast undanfarin ár. Þó hvergi meira en á Íslandi. Þegar skýringa er leitað í smiðjum OECD og ESB (sjá heimildir) kemur í ljós að drengir í OECD-þátttökuríkjum eru að meðaltali líklegri en stúlkur að svara því til, þegar spurðir í samanburðarhæfum rannsóknum (t.d. bakgrunnsspurningar PISA-rannsóknarinnar), að skóli sé tímaeyðsla. Drengir eyða marktækt minni tíma í heimanám en stúlkur en samkvæmt niðurstöðum rannsókna á vegum OECD er marktæk fylgni milli heimanáms og námsárangurs, sérstaklega í þeim ríkjum sem leggja áherslu á heimanám í sínu skyldunámi. Þá virðast drengir í Evrópu lesa færri bækur sér til ánægju en jafnaldrar sínir af kvenkyni og virðist þetta skila stúlkum betri námsárangri, jafnt í stærðfræði sem og í lestri.

Svipaðar vísbendingar eru að finna í niðurstöðum Eurydice-skýrslu frá 2022 um þætti sem tengjast áhuga og árangri í stærðfræði og náttúrufræði en þar kemur fram að slakur námsárangur virðist haldast bæði milli skólastiga og milli námsgreina í skólum. M.ö.o.; *ef hátt hlutfall nemenda sýnir slakan árangur á yngsta- og miðstigi er líklegt að hlutfallið verði einnig hátt á unglinga- og framhaldsskólastigi*. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að styðja vel við bakið á þeim sem dragast aftur á fyrstu árum grunnskólans. Einnig er mikilvægt að hafa skýrar upplýsingar um námsárangur á öllum skólastigum, ekki síst yngri stigum grunnskóla. Athygli vekur einnig að í löndum sem leggja fyrir próf á landsvísu (e. national tests) er hlutfall nemenda sem skortir grunnfærni í meðferð talna lægri borið saman við þau ríki sem ekki fylgjast með námsárangri með samanburðarhæfum hætti enda fyrr hægt að grípa inn í með stuðningi og leiðrétta skekkjur sem tengjast einkunnagjöf sem kennarar eða skólar gefa samkvæmt öðru mati.

**Heimildir:** Skýrsla OECD frá 9.mai 2023: *Joining Forces for Gender Equality: What is Holding us Back?*  
Skýrsla OECD frá 5.mars 2015: *The ABC of Gender Equality in Education: Aptitude, Behaviour, Confidence*.  
Skýrsla OECD frá 19.júní 2019: *TALIS 2018 Results (Volume I): Teachers and School Leaders as Lifelong Learners*.  
Eurydice skýrsla frá júlí 2022 um þætti sem tengjast áhuga og árangri í stærðfræði og náttúrufræði í skólum í Evrópu: European Commission, European Education and Culture Executive Agency. *Increasing achievement and motivation in mathematics and science learning in schools.2022*.  
Mynd: úr kynningarefni ESB með Eurydice-skýrslunni



# Námsárangur drengja – lærdómur frá Evrópu frh.

Rannsóknir virðast einnig benda til að drengir séu viðkvæmari en stúlkur ef skortur er á skipulagi, umgjörð og aðhaldi í námi. Til dæmis virðast drengir þrífast betur í skólakerfum þar sem lögð er áhersla á góða bekkjarstjórnun, og þar sem reglulegt eftirlit er með gæðum kennslunnar. Sameiginlegt með þessum atriðum er kannski eitthvað sem mætti kalla "aðhald". Í nýlegri TALIS skýrslu, sem kom út árið 2018 virðist agaleysi í skólum vera meira vandamál á Íslandi en í samanburðarlöndunum.

Þegar kennarar á Norðurlöndunum voru spurðir að því hvort þeir þurfi að bíða í þó nokkurn tíma áður en nemendur gefa hljóð í upphafi kennslustundar, þá svöruðu íslenskir kennarar því til í 42,6% tilvika að svo væri, borið saman við meðaltalið 26,9% sem er meðaltal hinna Norðurlandanna. Samkvæmt OECD virðast drengir um alla Evrópu skila betri árangri í skóla ef góður agi er til staðar.

Íslenskir drengir virðast búa við vinnuumhverfi þar sem virðist vera meira agaleysi borið saman við Norðurlöndin og það, samkvæmt OECD virðist ekki vita á gott.

*Drengir virðast þannig eiga meira undir því að grunnskólar hafi gott skipulag, skýrar skólareglur og góða ferla þegar upp koma áskoranir tengdum hegðun.* Skýr umgjörð utan um það hvernig skólar bregðast við ef ítrekuð brot verða á skólareglum virðast hafa neikvæðari áhrif á drengi en stúlkur að jafnaði.

Eins eru vísbendingar um að þjóðfélagsstaða og viðhorf foreldra skipti máli. Rannsóknir hafa sýnt fram á það að foreldrar með mikla menntun séu líklegri til að standa sig betur í að örva tungumálaþroska barna sinna, lesa meira fyrir börnin sín og þeir mælast einnig hærra í að eyða tíma í að tala við börnin – nokkuð sem hefur einna mesta skýringargildi fyrir málþroska barna á leikskólastigi.

Mælingar benda einnig til þess að foreldrar tali meira við stúlkur en drengi, að drengir njóti minni samverutíma með foreldrum sínum og að lesið sé minna fyrir drengi en stúlkur. Þarna er ekki um að ræða mun á kynjum heldur er um að ræða að það halli á drengi félagslega, drengir fái „verri heimanmund“. Þessi munur eykst svo ef um er að ræða drengi sem eiga foreldra sem eru með lægra menntunarstig.

Þetta bendir til þess að *auka þurfi vitund og skilning á mikilvægi málörvunar drengja jafnt sem stúlkna á leikskólaaldri og auka skilning fyrir mikilvægi iðju sem krefjast mannlegra samskipta, litríkra samræðna og að þjálf þurfi drengi í að æfa góð samskipti.* Á sama tíma er skýrt í mælingum að stúlkur jafnt sem drengir þurfa á því að halda að hafa skýran ramma í umgjörð, umönnun og uppeldi jafnt heima sem og í skóla.

**Heimildir:** Skýrsla OECD frá 9.mai 2023: *Joining Forces for Gender Equality: What is Holding us Back?*  
Skýrsla OECD frá 5.mars 2015: *The ABC of Gender Equality in Education: Aptitude, Behaviour, Confidence.*  
Skýrsla OECD frá 19.júní 2019: *TALIS 2018 Results (Volume I): Teachers and School Leaders as Lifelong Learners.*  
Menntamálastofnun – Ragnar F. Ólafsson 2019: *TALIS 2018 - Leikskólastig: Starfshættir og viðhorf starfsfólks leikskóla.*  
Menntamálastofnun – Ragnar F. Ólafsson 2019: *Starfshættir og viðhorf kennara og skólustjóra á unglingsstigi grunnskóla.*



# Aðrir mikilvægir áhrifapættir á líðan og árangur drengja í skólakerfinu

## Svefnvandamál

- 18-föld aukning á ávísun svefnlyfja til 10-14 ára drengja á árunum 2008-2016.
- Um þriðjungur drengja er oft þreyttur í skólanum skv. ÍÆR 2023

## Tækninotkun: símanotkun, tölvuleikir og klámnotkun

- Mælist í flestum rannsóknum talsverð og í „óhóflegum mörkum“ hjá allt að þriðjungi drengja hverju sinni, meira eftir því sem þeir eru eldri, sjá t.a.m. mælingar Fjölmiðlanefndar. Óhófleg notkun stuðlar líklega að svefnvandamálum og einbeitingarskortum sem hefur áhrif á skólastarf.

## Aðstæður heima fyrir, aukið stress og skert samskipti

- Tilgátur eru uppi víða í umræðunni og komu reglulega fram í viðtölum við foreldra og kennara að meira stress mælist heilt yfir á íslenskum heimilum og birtingarmyndin er m.a. aukin lyfjanotkun, fleiri tilfelli kulnunar og þreytu en einnig skert samskipti á heimilinu.



# Lausnir





## Hvað er framúrskarandi skólakerfi?

*Tvær stórar skýrslur sem oft er vitnað í:*

[World Class: How to build a 21st century school system](#)

OECD (Organization for Economic and Cooperation and Development) report from 2018.

[How the world's best performing school systems come out on top](#)

McKinsey report from 2007 analysing 25 nations' education systems to find out what high performing school systems have in common.

## Samkvæmt þessum skýrslum og fleiri er skólakerfi framúrskarandi þegar eftirfarandi grunnundirstöður eru til staðar:

1

Menntun er mikils metin og skýr vænting er innan menntakerfisins að **hver einasti nemandi getur lært** ef þeim er mætt með mismunandi kennslufræðilegum nálgunum sem taka tillit til ólíkra þarfa án þess að gefin sé afsláttur af gæðum í kennslu.

2

Að fá réttu einstaklingana til að verða kennarar og það sem er mikilvægara er að gefa kennurum verkfærin og stuðninginn til þess að þeir geti verið öflugir leiðbeinendur. **Markmiðið á að vera færni fyrir alla nemendur, hágæða geta hjá mörgum þar sem allir nemendahópar eru jafn líklegir til að ná hágæða árangri. Félagsleg velferð þarf að vera kjarni í ferðalaginu í gegnum kerfið.** Leiðin til að ná þessu markmiði er að auka gæði kennslu og kennara. „*Gæði menntakerfis fer aldrei fram úr gæðum kennarana.*“

3

Að tryggja að menntakerfið geti skilað **bestu mögulegu kennsluleiðbeiningum og skýrum markmiðum fyrir hvert barn.**

„*Eina leiðin til að bæta útkomu er að bæta leiðsögnina.*“

4

Að setja og skilgreina háar væntingar og að hvatar og umgjörð kennara, nemenda og foreldra séu í samræmi við væntingar.





# Með inngripi, mælingum, stuðningi og sókn gæti ferðalagið litið svona út

1. Öll börn eru gripin í málþroskaskimunum á leikskólaaldri og fá í kjölfarið inngrip og stuðning sem koma þeim aftur upp í hæfniviðmið innan skilgreinds tímaramma.

2. Öll börn fá kennslu, markmið, áhugadrifið námsefni og stuðning til að vera fulllæs í öðrum bekk og með góðan árangur í lesskilningi við lok fimmta bekkjar. Raunhæft markmið er a.m.k. 95%

3. Öll börn fá ríkulegri tækifæri í gegnum skóladaginn til að hreyfa sig í skapandi starfi og leik og hreyfing getur verið hluti af námi þeirra og einbeitingarferli.

6. Fleiri góðar karlfyrirmyndir hefja kennslu og meðaldrengur getur átt von á því að a.m.k. einn af hverjum þrem kennurum sem hann fær sé karlmaður.

5. Stuðningsnetið er virkjað betur: Foreldrar eru skipulagt virkjaðir til stuðnings við nám og velferð barna sinna með skýrum markmiðum og leiðbeiningum um hvernig þeir geta hjálpað ásamt því að aukin ábyrgð er sett á þá frá kerfinu.

4. Öll börn fá a.m.k. mánaðarlega frá kennara sem ber ábyrgð á þeirra velferð áhugahvetjandi samtál með virka hlustun kennarans að leiðarljósi innan þess ramma að efla markmiðasetningu þeirra, árangur og vellíðan í námi sínu.

7. Öll börn og kennarar hafa aðgang að fjölbreyttara námsefni sem t.a.m. getur virkjað innri áhugahvöt fleiri nemenda og boðið ríkara landslag til lærdóms í gegnum verklegra nám.

8. Með betri mælingum og verkfærum er hægt að grípa skilvirkar inn í og færa öllum börnum áskoranir m.v. færni. Verkefni eru sett í skýrt samhengi við markmið og árangur hvers barns og árangurskúrva þess gagnvart eigin ferðalagi er skýr.

9. Skýr markmiðarammi, betri kennslutæki og hreyfiþörf betur mætt stuðlar að betri vinnufrið í kennslustofunni.

12. Árangur drengja (og allra) í skólakerfinu eykst, brottfall úr framhaldsskólum lækkar niður fyrir 20%, og innritunarhlutfall í háskóla fer yfir meðaltal OECD.

11. Yfir 90% barna komast á framhaldsskóla aldur með góða færni í tungumáli og hafa fundið sína leið að innri áhugahvöt og góðri virkni í námsferðalagi sínu.

10. Skipulögð málörvun í samstarfi við heimilið, skapandi skrif og áhugadrifin tungumálaverkefni stuðla að því að yfir 90% barna útskrifast úr grunnskóla með fullan lesskilning og góða færni í tungumálinu.





**Til að raungera þessa mynd hafa:**

1. Sveitarfélög og skólar sótt styrki í sóknarsjóði til að byggja upp gæði byggt á mælingum og skýrum markmiðasetningum.
2. Kennarar fengið þjálfun, viðmið og aðgang að verkfærum eins og áhugahvetjandi samtölum, fjölbreyttari verkefnum og tungumálamarkmiðum.
3. Skólar fengið skýr inngríps- og stuðningsverkfæri.
4. Foreldrar fengið markmið, ábyrgð og leiðbeiningar um hvernig ber að styðja barn sitt til árangurs.
5. Börnin fengið skýran ramma, meiri hreyfingu, verið virkjuð til áhuga með fjölbreyttari og áhugadrifnari áskorunum.



# Lykilmarkmið og mælingar

## Forspárbreytur árangurs (e. Lead Indicators)

Öll börn eru gripin í málproskaskimunum á leikskólaaldri og fá í kjölfarið inngrip og stuðning sem koma þeim aftur upp í hæfniviðmið innan skilgreinds tímaramma.

Ríkulegri hreyfipörf barna er ríkulega mætt í skólastarfi.

Innri áhugahvöt í námi er ræktuð í gegnum áhugahvetjandi samtöl í kringum skýr markmið og fjölbreyttar áskoranir m.v. færni.

Foreldrar skilja ábyrgð sína og hlutverk í að leiðbeina barni til árangurs og vellíðan í námi sínu.

Karlkennurum fjölgar

Árangursmælingar, markmið og námsmat er skýrt ferli þar sem árangur mismunandi kennsluáferða er mældur.

Öll börn hafa aðgang að fjölbreyttu námsefni sem stuðlar að aukinni virkni í gegnum áhuga og áskoranir m.v. færni.

## Útkomubreytur árangurs (e. Lag Indicators)

Öll börn eru læs við lok 2. bekkjar eða innan tveggja ára eftir að þau koma í íslenskan skóla.

Öll börn ná góðum árangri í lesskilningi við lok fimmta bekkjar. 5% aukning á ári.

Yfir 90% barna segjast fá áskoranir m.v. færni og upplifa tilgang með námi sínu.

Yfir 90% barna og kennara upplifa góðan vinnufrið og umhverfi í skólanum.

Foreldrar eru virkir þátttakendur í námi barna sinna.

Við útskrift úr grunnskóla mælast öll börn með fullan lesskilning og góða færni í tungumálinu

Árangur drengja (og allra) eykst

Brottfall úr framhaldsskóla fellur undir 20% og minnkar 5% á ári.

Innritunarhlutfall í háskóla verður yfir meðaltal OECD



# Átta tillögur að bjartri framtíða drengja í menntakerfinu

1. Viðurkennum mikilvægi tilgangs, virkni og árangurs hvers barns í menntun sinni og mótum mælikvarða til gæðaviðmiðunar.
2. Eflum framleiðslu og aðgang að fjölbreyttara námsefni.
3. Styrkjum kennarastéttina.
4. Eflum málproska, málskilning og innri áhugahvöt til lesturs á öllum stigum.
5. Eflum hreyfingu sem skipulagðari hluta af skóladeginum.
6. Hjálpum foreldrum með skýr markmið, þjálfun og verkfæri svo þeir geti veitt betri stuðning við nám og velferð barna sinna og tekið aukna ábyrgð.
7. Styðjum einstaka sveitarfélög og skóla til að sækja fram og koma með sínar lausnir.
8. Styðjum verkefni sem gefið hafa góða raun og/eða sýna mælanlegan árangur.



# Tillaga 1: Viðurkennum mikilvægi tilgangs, virkni og árangurs hvers barns í menntun sinni og mótum mælikvarða til gæðaviðmiðunar

## Aðgerðir

1. Það þarf fleiri mælingar á færni sem fylgt er eftir með persónumiðuðum stuðningi.
2. Setjum upp áhuga-, þátttöku- og árangursmælikvarða á nám sem fylgt er eftir með því markmiði að börn upplifi tilgang með námi sínu og hafi mælanleg markmið sem þau skilja og vinna að og fái áskoranir miðaðar við færni.
3. Setjum upp námsmat þar sem nemendur geta borið sjálfan sig saman á skilvirkari hátt við eigin fyrri stöðu.
4. Tengjum saman árangur og vellíðan, þeim kerfum gengur best.

## Ástæður

1. Skortur er á skýrum viðmiðum og hvötum sem virkja drengi til náms og árangurs.
2. Um þriðjungur drengja er ekki að fá áskoranir miðað við hæfni og nær 40% leiðist nám sitt.
3. Í niðurstöðum ytra mats grunnskóla árið 2021 kemur fram að umbóta sé þörf á þáttum eins og að nemendum sé gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og að nemendur taki þátt í að setja sér markmið í námi.
4. Niðurstöður á matsferli sem MMS framkvæmdi árið 2022 gáfu til kynna að skortur sé á góðri og gagnlegri endurgjöf um nám sem nýtist í umbótaskyni.
5. Í niðurstöðukafla skýrslu um matsferil í samráði við skólasamfélagið kemur m.a. fram: „Krafa um góða og gagnlega endurgjöf sem nýtist í umbótaskyni er mjög skýr af hálfu kennara og foreldra og ekki síst af hálfu nemenda sem líta á hana sem tækifæri til að gera betur í námi.“ Endurtekin gagnrýni kom fram á fyrirkomulag hæfnimiðaðs námsmats í samræmi við ákvæði aðalnámskrár. Það kom fram hjá öllum hópum að notendur ættu í erfiðleikum með að átta sig á eðli hæfnieinkunna, að fyrirkomulagið væri óaðgengilegt, ógagnsætt og illskiljanlegt. Bent var á að hæfniviðmiðin væru svo opin og í mörgum tilvikum svo huglæg að þau vörðuðu illa leið nemenda í námi og veittu litla endurgjöf varðandi stöðu hverju sinni.
6. Dr. Kristján Ketill Stefánsson, lektor í kennslufræðum við HÍ benti á að: „Við þurfum námsmat þar sem nemendur geta borið sjálfan sig saman við eigin fyrri stöðu. En námsmat sem stöðugt sýnir að einn eða tveir nemendur eru langt á eftir er niðurdrepani. Það er hægt að nota keppnir í leik, án þess að það þýði stimplun fyrir einstaka nemendur. Þetta eru aðferðir sem eiga að vera í verkfærakistu allra kennara.“

## Álit

*"Clear targets for learning outcomes can be particularly effective for boys, who tend to prefer clear criteria and a sense of competition."*  
- European Commission. (2017). Supporting the Teaching Professions for Better Learning Outcomes. bls.14

*„Þegar áskoranirnar passa ekki er munur á kynjunum. Strákarnir eru fyrr að gefast upp og fara í truflun. Það er því miður algengt í menntakerfinu að allir fái það sama og sömu heftin þó að nokkur hluti ráði ekki við það og sé að upplifa vonleysi á meðan öðrum leiðist.“*  
-Viðtal við þriggja manna kennarateymi í Vestmannaeyjum

*„Markmið menntunar þurfa að vera skýr í augum allra nemenda, að þau sjái tilgang með því að standa sig vel í námi. Áskoranir þurfa að vera hæfilegar, verkefnið passlega flókin og tengd við lestrariðkun á tækniöld, gagnrýna og skapandi hugsun. Með miklum væntingum og skýrum markmiðum þarf sérstaklega að ná til drengja...“*  
-Tillögur að aðgerðum sem geta leitt til framfara í lesskilningi. PISA 2022 niðurstöðuskýrsla frá MMS. Dr. Sigríður Ólafsdóttir, dósent í Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands



# Tillaga 2: Eflum framleiðslu og aðgang að fjölbreyttara námsefni

## Aðgerðir

1. Ráðumst í sókn í menntatækni. Til er fjöldi dæma víða um stórbættan árangur í kennslu barna, t.a.m. stærðfræði- og lestrarkennslu, í gegnum tölvuleiki.
2. Gerum námið áhugavert og skemmtilegt fyrir öll börn, t.a.m. með þverfaglegu skapandi starfi og leik.
3. Smíðum verkefna- og prófabanka með fjölbreyttum gagnreyndum verkefnum sem hægt er að leggja fyrir í fjölbreyttum erfiðleikastigum.
4. Þjóðum innleiðingu á Graphogame sem viðbótar lestrarverkfæri fyrir öll börn.

## Ástæður

1. Drengjum leiðist fremur í námi og upplifa tilgangsleysi.
2. Um þriðjungur drengja fær ekki áskoranir m.v. færni.
3. Skortur er á skýrum hvötum sem virkja drengi til náms og árangurs.
4. Drengir eru næmari fyrir áhugadrifnu námi og fjölbreyttari kennsluaðferðum.
5. Allt framangreint stuðlar að lægri námsárangri
6. Lægri námsárangur drengja stuðlar að auknu brottfalli úr framhaldsskóla og skertri innritun í háskóla.
7. Fjöldi kennara lýsti því að drengir væru virkir og leggðu sig vel fram og jafnvel meira en stúlkur ef nálgun á nám þeirra væri meira verkleg, tilgangur útskýrður, afurðir skýrar, og meiri hreyfing, keppni og skýrir mælikvarðar væru til staðar. Síðast en ekki sist var minnst á að virkni drengja væri góð ef þeim væri mætt með áskorunum m.v. færni.
8. 27% drengja á framhaldsskólaaldri leggja ekki nægilega rækt við nám sitt að eigin mati.
9. Drengir eru mun líklegri til að detta út úr framhaldsskóla og inngrip sem bæta námsárangur eru líklegust til að minnka brottfallshlutfall þeirra gagnvart stúlkum.
10. Graphogame var nýlega valið besta lestrarnýsköpunarverkefnið af UNESCO og hafa mörg hundruð rannsóknir í 11 löndum sýnt góðan árangur við að læra fyrstu skref í lestri með stuðningi leiksins.

## Álit

„Þegar áskoranirnar passa ekki er munur á kynjunum. Strákarnir eru fyrr að gefast upp og fara í truflun. Það er því miður algengt í menntakerfinu að allir fái það sama og sömu heftin **þó að nokkur hluti ráði ekki við það og séu að upplifa vonleysi á meðan öðrum leiðist.**“

-Viðtal við þriggja manna kennarateymi í Vestmannaeyjum

„Ég myndi skoða verkefnabanka. Að kennarar hefðu aðgang að verkefnabönkum þar sem þeir hefðu gagnreynd verkefni sem tækju mið af því umhverfi sem nemendur lifa við í dag.“

-Formaður Skólameistarafélags Íslands



# Tillaga 3: Styrkjum kennarastéttina

## Aðgerðir

1. Göngum út frá því að kennari sé einn helsti áhrifavaldur í lífi einstaklingsins og færum verkfæri, stuðning og umhverfi svo kennarar hafi t.a.m. rými og getu til nýskapandi kennsluáðferða, séu vopnaðir skýrum markmiðum til árangurs og tækifærum til að komast þangað.
2. Tryggja þarf mun dýpri og fjölbreyttari aðgang að kennslugögnum sem bjóða upp á t.a.m. fjölbreyttari kennsluáðferðir þar sem er hægt að mæta börnum þar sem þau eru, m.v. þeirra getu og með aðferðum sem höfða til þeirra.
3. Kennarar þurfa aðgang að prófabanka og verkfærakistu þangað sem hægt er að sækja próf og verkefni í mismunandi fögum og leggja fyrir nemendur á tímamarki sem hentar.
4. Fjögur lykilverkfæri þurfa meiri og betri innleiðingu á Íslandi: Betri markmiðasetning og endurgjöf (t.a.m. leiðsagnarnám) sem kennari, barn og foreldrar skilja. Áhugahvetjandi samtöl. Skilvirkari læsisþjálfun og aðgengi að námsefni sem kennari telur að henti hverju barni fyrir sig.
5. Fjölgum karlkyns fyrirmyndum í kennslu
6. Eflum kennaranám á Íslandi með þjálfun í vísindalega staðfestum kennsluáðferðum og mælum árangur af þeim.
7. Byggjum upp umhverfi þar sem hægt er að ná aga, skipulagi og vinnufrið í hverri skólustofu.

## Ástæður

1. Íslenskir kennarar kvarta undan því að hafa óskýran árangurs- og matsramma.
2. Til eru þekkt verkfæri víða um heim sem hafa itrekað sýnt virkni sína en eru í lítilli útbreiðslu á Íslandi.
3. Kennarar kvarta undan því að hafa litinn tíma til að geta fundið viðeigandi námsefni sem henta mismunandi börnum.
4. Einungis 17,9% kennara eru karlmenn.
5. Bæði börn og kennarar kvarta undan agaleysi í íslenskum skólustofum. Samkvæmt TALIS mælingum 2018 á vinnufriði í kennslustofum, þá svöruðu íslenskir kennarar því til í 42,6% tilvika að þeir þurfi að bíða í þó nokkurn tíma þar til vinnufriður næst í upphafi kennslustundar, borið saman við meðaltalið 26,9% sem er meðaltal hinna Norðurlandanna. 38,5% barna í 6-10 bekk telja að það sé hávæði og óróleiki í flestum eða öllum kennslustundum skv. Skólapúlsinum 2023.
6. Samkvæmt OECD virðast drengir um alla Evrópu skila betri árangri í skóla ef góður agi er til staðar.

## Álit

„Ég fór sjálfur á námskeið sem heitir *Motivational Interviewing* (áhugahvetjandi samtal). Það gjörbreytti nálguninni á meðferðarheimilinu og átakaskýrslum snarfækkaði. Hvaða orð notarðu, raddtón. Þetta kennir virka hlustun og hvernig á að taka allt inn. Þeir kenna þessa speglun. Afleiðingin af þessari nálgun er að við erum að ná að skila miklu fleiri nemendum af okkur út í sína heimaskóla.“

-**Valdimar Heiðar Pálsson**, skólastjóri Hlíðarskóla, sérskóla með jaðartilfelli.

„Við þurfum öll fyrirmyndir í lífinu og staðan er sú að karlmönnum við *kennslu fækkar og fækkar*. Það þarf að fjölga karlkennurum. *Börn þurfa að hafa ólíkar fyrirmyndir og ekki einsleitnar og í dag eru drengir líklega ekki með mikið af karlfyrirmyndum fyrir framan sig í skólakerfinu.*“

-**Mjöll Matthíasdóttir**, formaður Félags grunnskólakennara

„Skýr ósk kom fram um að kennarar hafi aðgang að einhvers konar prófabanka (verkfærakistu) þangað sem þeir geta sótt próf í íslensku og stærðfræði (og mögulega í fleiri námsgreinum) til að leggja fyrir nemendur sína á tímamarkum sem þeim hentar.“

-**Niðurstöðukafli skýrslu Menntamálastofnunar frá júní 2022 sem ber heitið: “Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið”**

„Kennarar þurfa að fá rými til að geta brugðist við vaxandi fjölbreyttum þörfum og áskorunum í nútíma kennslustofu og ein helsta breytan þar er að bekkjastærðir, eða fjöldi nemenda á kennara, má ekki vera of mikill.“

-**Magnús Þór Jónsson**, formaður kennarasambandsins



# Tillaga 4: Eflum málproska, málskilning og innri áhugahvöt til lesturs á öllum stigum

## Aðgerðir

1. Setjum í forgang að öll börn séu fulllæs í lok 2. bekkjar og nái góðum árangri í lesskilningi á flóknari texta við lok fimmta bekkjar.
2. Notum skimunartæki tungumálagetu snemma þar sem öll börn fá inngrip sem kemur þeim aftur upp í grunnviðmið innan 6 mánaða.
3. Notum kennsluáferðir sem ýta undir áhugahvöt til lestrar, virkjum innri áhugahvöt til lestrar skipulega, eflum skapandi skrif og virkjum list- og nýsköpun í tungumálanotkun.
4. Setjum skýr markmið um málskilning, sem er reglulega prófaður.
5. Aukum fræðslu til foreldra og barna um mikilvægi þess að veita tíma og tækifæri til lesturs og að annarri miðlanotkun séu sett mörk í samræmi við aldur og þroska.
6. Fjölum talmeinafræðingum og útrýmum biðlistum eftir stuðningi fyrir börn með málproskaáskoranir.
7. Skýr markmið sem hefjast snemma studd greiningum og skimunum á leikskólaaldri og skipulagt inngrip í kjölfarið og síðan aðhald sem stuðlar að málörvun og auknum skilningi út skólagönguna.

## Ástæður

1. Drengir mælast talsvert á eftir stúlkum í tungumálagetu, sérstaklega lestri og málskilningi.
2. 47% drengja voru undir hæfnisprepi 2 í PISA 2022 mælingunum og teljast því ekki búa yfir grunnhæfni í lesskilningi.
3. Drengir virðast vera mikill meirihluti þeirra sem greinast með málproskaáskoranir.
4. Drengir mælast með minni innri áhugahvöt á lestri.
5. Málproskaáskoranir á unga aldri virðast ýta undir vaxandi áskoranir alla skólagönguna.
6. Inngrip snemma við málproskaáskorunum er líklega með bestu fjárfestingum sem hægt er að taka í menntakerfinu þar sem slakur málproski snemma hefur mikil og langvarandi áhrif á alla skólagöngu og velferð nemanda.
7. Fjöldi rannsókna kemst að þeirri niðurstöðu að kennsluáferðir sem miða að því að vekja innri lestraráhugahvöt (t.d. áhersla á þjálfun lestrarfærni þar sem samhliða er unnið með forvitni og virka þátttöku nemandans) geti verið sérstaklega gagnlegar fyrir nemendur sem sýna slakan lesskilning.

## Álit

„Stór hluti af ástæðunni fyrir því að stór hluti drengja er ekki vel læs er að þeir fá ekki nægilegan stuðning þegar þeir eru ungir. Allar rannsóknir sýna að ef málproskin er í ólagi þá geturðu ekki lært eðlilega og eignast vini og þá flosnar þú upp úr skóla.“

-Ásthildur Snorradóttir, talmeinafræðingur

„Ef skoðaður er kynjamunur í lesfimi eftir bekk sést að frammistaða stúlkna er ávallt betri en frammistaða drengja en **munurinn virðist byrja að einhverju marki sem máli skiptir við lok 4. bekkjar, þaðan sem hann eykst árlega.**“

-Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um læsi frá 2023.





# Tillaga 5: Eflum hreyfingu sem skipulagðari hluta af skóladeginum

## Aðgerðir

1. Öll börn ættu að hafa ríkulegan aðgang að hreyfingu sem hluta af sinni velliðan, einbeitingu og árangri. Tíu mínútna hreyfing á hverri klukkustund, eða a.m.k tækifæri til hreyfingar fyrir lengri kennslustundir ætti að vera lágmark.

## Ástæður

1. Nær öll viðtöl við kennara og sérfræðinga komu á einn eða annan hátt inn á sama punktin er varðar ríkulega hreyfipörf drengja og hvernig henni þarf að vera mætt í kennslustofunni. Ítrekað var rætt hversu algengt það væri að hægt væri að ná fram talsvert betri árangri, líðan og virkni drengja með því að skapa umhverfi þar sem hreyfipörf drengja er mætt á þeirra forsendum.
2. Allir drengir sem rætt var við í djúpvíðtölum nefndu að fjölga ætti tækifærum til meiri hreyfingar aðspurðir um hverju þeir myndu helst vilja breyta í skólakerfinu. Þetta var eina breytan, sem allir drengirnir nefndu.
3. Fjöldi alþjóðlegra rannsókna staðfestir að betri einbeiting og velliðan fæst í kjölfar hreyfingar. Algengasta viðmiðið er 10-15 mínútur af hreyfingu á hverri klukkustund af einbeitingu.
4. Skipulögð hreyfing er í dag einungis þrjá daga vikunnar í flestum skólum og oft í lok dags.

## Álit

„Ég er búinn að skoða kynjamismun í 28 ár (byrjaði þá í doktorsnámi), byrjaði að skoða hreyfiproska. Barna er kynjamunur. Fleiri drengir hafa hreyfiproskavandamál. Svo sá ég að það er mikil skörun á hreyfiproskavandamálum og öðrum vandamálum eins og lesvandamálum. Það er gríðarlega mikilvægt að efla hreyfingu barna á skólatíma því það hefur jákvæð áhrif á ró, einbeitingu, sjálfsmynd, velliðan, hreyfifærni og hreysti.“  
-Dr. Hermundur Sigmundsson

„Fleiri hreyfingapásur hjálpa með einbeitingu í námi.“  
-Drengur í 10. bekk





# Tillaga 6: Hjálpum foreldrum með skýr markmið, þjálfun og verkfæri svo þeir geti veitt betri stuðning við nám og velferð barna sinna og tekið aukna ábyrgð

## Aðgerðir

1. Foreldrar eru skipulagt virkjaðir til aukinnar ábyrgðar og stuðnings við nám og velferð barna sinna með skýrum markmiðum og leiðbeiningum um hvernig þeir geta hjálpað.
2. Úrbóta virðist almennt vera þörf í leiðbeiningum heim um að tala meira við drengi um skólann, sýna námi áhuga, hvetja til lesturs og kaupa fleiri bækur fyrir drengi, hvernig er hægt að styðja við heimanám, veita skýrari mynd af framför og ferðalagi barnsins sem hægt er að styðja við og hvernig er hægt að vinna meira með styrkleika og áhuga barnsins.

## Ástæður

1. Ítrekað var bent á það í viðtölum af skólafólki að stuðningur foreldra væri ein mikilvægasta breytan í farsæld og námsárangri barns í skólakerfinu.
2. Skýrsla um brottfall framhaldsskólanema bendir á að bakland foreldra sé ein af mikilvægustu breytunum þegar kemur að brottfalli úr framhaldsskólum, en drengir eru í miklum meirihluta brottfallsnema.
3. Almennt kom fram í viðtölum og mælingum að tengsl skóla við foreldra skora ekki mjög hátt. T.a.m. er tekið fram í Ytra mati Menntamálastofnunar á skólastarfi fyrir árið 2021 að bæta þurfi þessi tengsl: „Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.“ „Foreldrum er markvisst kynnt stöðþjónusta skólans og sveitarfélagsins.“
4. Krafa um góða og gagnlega endurgjöf sem nýtist í umbótaskyni er mjög skýr af hálfu kennara og foreldra og ekki síst af hálfu nemenda sem líta á hana sem tækifæri til að gera betur í námi.

## Álit

„Þegar foreldrar eru virkir í að styðja börnin sín í námi þá eru eiginlega aldrei nein vandamál, ekki heldur með drengina.“  
-Kennari með 20 ára starfsferil



# Tillaga 7: Styðjum einstaka sveitarfélög og skóla til að sækja fram og koma með sínar lausnir

## Aðgerðir

1. Til að mynda með fjárframlögum við kaup á fjölbreyttari námsgögnum eða sóknarsjóðum sem sveitarfélög, ríki og atvinnulíf leggja til. Krafa á móti er að sóknarverkefni verða að vera mæld og geta sýnt fram á mælanlegan samanburðarhæfan árangur innan tilrauna- og innleiðingartímabils.

## Ástæður

1. Sveitarfélög eru í lykilhlutverki í því verkefni að byggja bjartari framtíð fyrir drengina okkar í menntakerfinu þar sem þau reka í flestum tilfellum grunnskóla og leikskóla.
2. Þau sveitarfélög sem eru tilbúin til að sækja fram í einhverjum af þeim átta tillögum sem liggja í átt að bjartri framtíð drengja í menntakerfinu ættu að hafa tækifæri til þess og aðgang að stuðningi og sóknarsjóðum stjórnvalda.
3. Mikilvæg krafa á móti þarf að vera að sóknarverkefni séu miðuð við gæða- og árangursstaðla og að tímaramma sé stillt upp til árangurs með það að markmiði að geta hafið langtímasköpun á því sem virkar en leggja af það sem ekki virkar sem fyrst.

## Álit

„*Staða drengja í dag hefur ekkert með drengina að gera, hún hefur með kerfið að gera, aðstæðurnar sem við sköpum.*“  
-Íris Róbertsdóttir, bæjarstýra Vestmannaeyjabæjar og fyrrum kennari til 15 ára.



# Tillaga 8: Styðjum verkefni sem gefið hafa góða raun og/eða sýna mælanlegan árangur

## Aðgerðir

1. Styðjum verkefni á þann máta að hægt er að skala þau upp og innleiða víðar.
  1. Kveikjum Neistann
  2. Leiðsagnarmat
  3. Hjallastefnan
  4. Kennsla í þemavíkunálgun

## Ástæður

1. **Töluverður skortur** er á gæðamælingum á Íslandi og skilningi á innleiðingu mismunandi kennsluaðferða og árangri hverju sinni. Leitast var eftir verkefnum, aðferðum eða uppbyggingu sem hafa virkað vel fyrir drengi og voru allir viðmælendur spurðir að því. Framangreind fjögur verkefni/nálganir komu langoftast upp og hafa þær flestar mælingar sem sýna jákvæð áhrif á ferðalag drengja (og stúlkna) í gegnum menntakerfið.
2. **Kveikjum neistann:** Ein af lykil niðurstöðum eftir annað árið er að 83% barna mælast fulllæs samanborið við 52% barna í þátttökuskólum víðsvegar um landið. Engin kynjamunur mældist í lesárangri drengja og stúlkna í Vestmannaeyjum. Þessi árangur er markverður og ætti að skoða í víðara samhengi. Þá bera kennarar og foreldrar góða sögu af mikilvægi lyklna í verkefninu eins og aukin hreyfing á skólatíma sem virðist stuðla að betri einbeitingu, ró og vellíðan.
3. **Leiðsagnarnám:** Í Vesturbæjarskóla var unnið þróunarverkefni fyrir nokkrum árum þar sem áhersla var lögð á að efla færni og árangur drengja til jafns við stúlkur. Niðurstaðan var m.a. sú að leiðsagnarnám, sem felst í reglulegri endurgjöf og hvatningu, skiptir miklu máli, ekki síst fyrir drengi. Leiðsagnarnám hefur sýnt góðan árangur víða um heim.
4. **Þemavíkunálgun:** Þemavíkan virkar. Það var mat fjölda kennara, drengja og foreldra, aðspurð um hverskonar nálgun á nám hentar drengjum vel. Þemavíkur eða Opnir dagar almennt virkja drengi vel í námi, bjóða fjölbreytta nálgun á kennslu, tengja nám við verklega útfærslu, hafa afurð úr náminu, skýran tilgang og vanalega hreyfingu, útivist eða sköpun sem hluta af ferlinu.
5. **Hjallastefnan:** Hjallastefnan hefur ólíka nálgun á kynin. Drengir fá séráherslu á mildi, uppbyggilega kærleiksríka snertingu eins og faðmlög og eflingu tilfinningaþroska og lestur fer gjarnan fram úti. Hreyfing og útivera er alltaf stór hluti af öllu námi. Nokkrar rannsóknir gefa til kynna góðan árangur fyrir drengi af starfi Hjallastefnunnar. t.a.m sýndi rannsókn á vegum HR nokkuð hærrí meðaleinkunnir Hjallastefnubarna sem komin voru á unglíngastig. Þá var einnig herra hlutfall drengja sem mældist með trú á eigin námsgetu.



# Samfélagslegur kostnaður og áframhaldandi þróun



## Samfélagslegur kostnaður

„Þú ert aldrei hamingjusamari en þitt vansælasta barn.“

-Óskar Jósúa, aðstoðarskólalastjóri GRV

Gróflega má áætla að lestrarvandi drengja einn og sér í menntakerfinu hafi áhrif á a.m.k. **8 þúsund íslenskar fjölskyldur hverju sinni.\***


Þetta eru lágmarkstölur því þær taka ekki mið af öðrum áskorunum sem hafa mælst gagnvart drengjum eins og áhugaleysi.

Þetta er punktstaða og einungis fyrir grunnskóla, vandinn safnast upp.

Samhliða vanda drengja upp úr grunnskóla hefur verið mikil aukning á fjölda ungra karlmannna sem fer á mikla örorku og er það nú hraðast vaxandi hópurinn sem fer á örorku.

Á árunum 2002–2022 jókst hlutfall karlmannna á aldrinum 18–29 ára á 75% örorku um 74% skv. tölum frá Tryggingastofnun.

Líklega snerta vandamál sem tíunduð eru í þessari yfirferð 8 til 20 þúsund íslenskar fjölskyldur að lágmarki á hverjum tíma.



## Við erum að mestu ennþá á niðurlæið

Í nær öllum mælikvörðum sem voru skoðaðir virðist **botninum ekki vera náð**. Nýjustu tölur þegar kemur að afstöðu, skólalæiða, áhugaleysi, lestrarskori, tungumálaáskorunum eða vinnufriði eru þær verstu sem hafa mælst og lítið sem gefur til kynna að þær séu að fara að batna.

Einu lykiltölurnar sem sýna einhverja vísbendingu um að vera á uppleið eru nýjustu tölur um innritun í háskóla og brottfallstölur sem hafa lítillaga lagast, þó meira hjá stúlkum. Þetta lagaðist bæði í kjölfar af átaki hjá ráðherrum.

**Það hefur aldrei verið eins áriðandi að stilla til sóknar.**



# Rýnt í lykilniðurstöður



# Stóru áskoranirnar

## 1. lykilniðurstaða

Menntakerfið á oft erfitt með að veita drengjum **stuðning og umhverfi sem mætir þeirra þörfum** og stuðlar að **bættri líðan, virkni og árangri**.

1. Drengir eru meirihluti þeirra sem „lenda utan“ skólakerfisins
2. Um þriðjungur drengja virðist ekki fá áskoranir m.v. færni
3. Foreldrar drengja eru vannýtt auðlind sem vantar markmið og leiðsögn
4. Það vantar fleiri fyrirmyndir fyrir drengi í menntun
5. Hreyfiþörf og tjáningu drengja mætti gjarnan mæta betur

## 2. lykilniðurstaða

Drengjum er að **leiðast í námi og þurfa skýrari tilgang og fjölbreyttari áskoranir til að efla virkni og námsárangur**.

1. Drengir upplifa frekar tilgangsleysi í námi
2. Drengjum leiðist frekar í námi
3. Drengir eru næmari fyrir áhugadrifnu námi og fjölbreyttari kennsluaðferðum
4. Lakari námsárangur drengja stuðlar að auknu brottfalli úr framhaldsskóla og skertri innritun í háskóla

## 3. lykilniðurstaða

Drengir þurfa meiri **tungumálastuðning**.

1. Drengir mælast talsvert á eftir stúlkum í tungumálagetu, sérstaklega lestri og málskilningi
2. Drengir eru mikill meirihluti þeirra sem mælast með málþroskaáskoranir
3. Drengir mælast með minni innri áhugahvöt á lestri
4. Málþroskaáskoranir á unga aldri virðast ýta undir áskoranir í tungumálagetu alla skólagönguna





## Fyrsta lykilniðurstaða:

Menntakerfið á oft erfitt með að veita drengjum **stuðning og umhverfi sem mætir þeirra þörfum** og stuðlar að **bættri líðan, virkni og árangri**.

### Lykiláskoranir

Drengir eru meirihluti þeirra sem „lenda utan“ skólakerfisins

Um þriðjungur drengja virðist ekki fá áskoranir m.v. færni

Foreldrar drengja eru vannýtt auðlind sem vantar markmið og leiðsögn

Það vantar fleiri fyrirmyndir fyrir drengi í menntun

Hreyfipörf og tjáningu drengja mætti gjarnan mæta betur

**Heimildir:** Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining.

Viðtöl skýrsluhöfundar við kennara, foreldra og nemendur, febrúar-september 2023.

Skýrsla Menntamálastofnunar frá júní 2022 sem ber heitið: “Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið”

Rannsókn: Ungt fólk 2022: Landið: Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk. Rannsóknir og greining

Skýrsla: Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. Velferðarvaktin. 2022

Skýrsla: Ytra mat á grunnskólastarfi. Ársskýrsla 2021. Menntamálastofnun



# Drengir þurfa jafn mikla ást, snertingu og að vera séðir í sínum styrkleikum og stúlkur en...

Rauður þráður í öllum viðtölum, sem birtist einnig á margvíslegan hátt í mælingum, er að:

...drengir tjá vanlíðan og vanmátt síður með orðum og meira með hætti sem skólakerfið mætir gjarnan með ófullnægjandi hætti eða jafnvel hörku

...drengir eiga í meiri mæli erfiðara með hefðbundna bóknámskennslu

...drengjum er síður mætt á þeirra forsendum til náms, tjáningar og vellíðan

„...strákum finnst erfiðara að biðja um hjálp en stelpum, það gæti verið vegna skammar um að viðurkenna að þeir geti ekki eitthvað.“  
**-Samtal 15-17 ára drengja á höfuðborgarsvæðinu**



# Allt að 95% barna sem „lenda utan kerfisins“ eru drengir

Í langflestum tilfellum er talsverður meirihluti barna sem dregst langt aftur úr, er álitinn vera „til sífelldra vandræða“ eða er tekinn út úr kerfinu, drengir.\*

„Öll skilaboð út í kosmósið í menntakerfinu er að það þykir ekki kúl að vera strákur.“

-Viðmælandi í áhrifastöðu í menntakerfinu

-Þriðjungur allra viðmælenda komu með sambærilegar yfirlýsingar.

„Ég hef haft svo marga drengi sem hafa strögglað í mörg ár og líta á sig sem vonleysingja. Margir þróast þá þannig að í stað þess að ströggla áfram þá fara þeir á fullt í það hlutverk að vera bara **svarti sauðurinn** því það er búið að segja það svo mikið við þá.“

-Valdimar Heiðar Valsson, skólastjóri Hlíðarskóla, sérskóla með jaðartilfelli, þar sem 95% nemenda eru drengir.

„Staða drengja í dag hefur ekkert með drengina að gera, hún hefur með kerfið að gera, aðstæðurnar sem við sköpum.“

-Íris Róbertsdóttir, bæjarstýra Vestmannaeyjabæjar og fyrrum kennari til 15 ára.

\*Í öllum viðtölum við skólastjórnendur, kennara eða sveitastjórnarfólk þegar rætt var um „vandræðabörn“, börn sem sátu eftir eða börn sem höfðu verið rekin úr skóla eða send annað kom í ljós að mikill meirihluti voru drengir. Á þessu var engin undantekning.

Erfitt er hinsvegar að staðfesta nákvæmar tölur fyrir allt landið. Yfirlétt voru hlutföllinn frá 2/3 hluta til 95% barnanna sem voru drengir.

Þá eru drengir í miklum meirihluta þeirra barna sem greinast með ADHD eða einhverfu. T.a.m. fær um 18% drengja á aldrinum 10-14 ára ávísuð „adrenvirkt lyf“ en rúmlega 10% stúlkna á sama aldri árið 2022 skv. Talnabrunni Landlæknis.



## Allt að 95% barna sem „lenda utan kerfisins“ eru drengir

„Það er stór áskorun að vera kennari bæði stúlkna og drengja. **Drengirnir þurfa mikla ást og umhyggju**, þeir þurfa faðmlag og svona einstaklings samtöl og þjónustu. Þeir þurfa þetta jafnmikið og stelpurnar en það er minna viðurkennt í kerfinu og við sem samfélag mætum þessu verr.“

-Svava Þórhildur Hjaltalín, kennari í 35 ár, læsisfræðingur og sérkennari.



## Allt að 95% barna sem „lenda utan kerfisins“ eru drengir

*„Hvernig koma krakkarnir í skólann þegar þau eru 6 ára? Margir strákar eru spenntir að koma í skólann og margir vilja leika sér eins og þeir gerðu í leikskólanum. Margir strákar hafa sagt við mig þegar þeir eru komnir á seinni önn í fyrsta bekk að þeir myndu bara vilja fara aftur í leikskólann því þar var aldrei verið að skamma þá.“*

-Hafsteinn Karlsson, 36 ára reynsla sem skólastjóri í þrem grunnskólum.



## Allt að 95% barna sem „lenda utan kerfisins“ eru drengir

*„Skóli er í dag miklu miðaðri að þörfum stúlkna. Fjölmargir drengir fá þá hugmynd að þeir geti ekki lært, því samanburðurinn sem þeir eru stöðugt í er ósanngjarn.“*

-Margrét Pála Ólafsdóttir, upphafskona og stjórnarformaður Hjallastefnunnar.



## Allt að 95% barna sem „lenda utan kerfisins“ eru drengir

*„Ég fór sjálfur á námskeið sem heitir Motivational Interviewing (áhugahvetjandi samtal). Það gjörbreytti nálguninni á meðferðarheimilinu og átakaskýrslum snarfækkaði. Það vantar þetta fyrir kennara og stuðningsfulltrúa og alla. Hvaða orð notarðu, raddtón. Þetta kennir virka hlustun og hvernig á að taka allt inn. Þeir kenna þessa speglun. Svo kennir þetta gagnasöfnun í virkri hlustun. Afleiðingin af þessari nálgun er að við erum að ná að skila miklu fleiri nemendum af okkur út í sína heimaskóla.“*

-Valdimar Heiðar Pálsson, skólastjóri Hlíðarskóla, sérskóla með jaðartilfelli.



## Þriðjungur drengja er líklega ekki að fást við nám m.v. færni

*„Þegar áskoranirnar passa ekki er munur á kynjunum. Strákarnir eru fyrr að gefast upp og fara í truflun.“*

*Það er því miður algengt í menntakerfinu að allir fái það sama og sömu heftin þó að nokkur hluti ráði ekki við það og séu að upplifa vonleysi á meðan öðrum leiðist.“*

-Viðtal við þriggja manna kennarateymi í Vestmannaeyjum





# Fleiri drengjum finnst námið of létt

Niðurstöður mælinga á Íslandi gefa til kynna að drengir séu bæði líklegri til að telja námið sitt vera leiðilegt og tilgangslaust en einnig talsvert líklegri til að telja að námið sé of létt.

Samkvæmt mælingum Rannsóknna og greiningar frá árinu 2022 telja nær þrefalt fleiri drengir en stúlkur að námið sitt sé of létt í framhaldsskóla eða 11% á móti 4% stúlkna. Í 8.-10. bekk töldu 12,2% drengja að námið væri of létt, nær tvöfalt fleiri en þær 7% stúlkna sem töldu það.

Sé einnig tekið tillit til fjölda þeirra drengja sem telja námið of þungt þá kemur í ljós að þriðjungur drengja samtals bæði í framhaldsskóla og 8. til 10. bekk upplifa að nám sitt sé of létt eða of þungt.

Kennarar margítrekuðu við gerð þessarar skýrslu að skortur er á fjölbreyttu námsefni m.v. mismunandi færni og áhuga.

„Skýr ósk kom fram um að kennarar hafi aðgang að einhvers konar prófabanka (verkfærakistu) þangað sem þeir geta sótt próf í íslensku og stærðfræði (og mögulega fleiri námsgreinum) til að leggja fyrir nemendur sína á tímipunktum sem þeim hentar.“

-Niðurstöðukafli skýrslu Menntamálastofnunar frá júní 2022 sem ber heitið: “Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið”

**Heimildir:** Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining. Viðtöl skýrsluhöfundar við kennara, foreldra og nemendur, febrúar-maí 2023. Skýrsla Menntamálastofnunar frá júní 2022 sem ber heitið: “Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið”. Rannsókn: Ungt fólk 2022: Landið: Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk. Rannsóknir og greining. Mynd: Tafla 9 á bls. 13 í niðurstöðuskýrslu rannsóknarinnar Ungt fólk 2022.

Tafla 9. Hlutfall nemenda í 8. til 10. bekk sem segir að neðangreindar staðhæfingar um nám og skóla, eigi oft eða nær alltaf við um þau, árin 2020 og 2022.

|                          | 2020    |         |         | 2022    |         |         |
|--------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
|                          | Strákar | Stelpur | Samtals | Strákar | Stelpur | Samtals |
| Mér finnst námið of létt | 11.3%   | 5.5%    | 8.6%    | 12.2%   | 7.0%    | 9.8%    |

## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

1. Viðurkennum mikilvægi áhuga, virkni og árangurs hvers barns í menntun sinni og mótum mælikvarða til gæðaviðmiðunar.
2. Eflum framleiðslu og aðgang að fjölbreyttara námsefni.



# Foreldrar nálgast drengi oft öðruvísi og vantar leiðsögn til að styðja betur við þá

Ljóst er að foreldrar eru algjör lykilbreyta þegar kemur að námi barna sinna. Kennari með yfir 20 ára starfsferil orðaði þetta svona: „Þegar foreldrar eru virkir í að styðja börnin sín í námi þá eru eiginlega aldrei nein vandamál, ekki heldur með drengina.“

Ítrekað var bent á það í viðtölum við skólafólk að stuðningur foreldra væri ein mikilvægasta breytan í farsæld og námsárangri barns í skólakerfinu.

Skýrsla um brottfall framhaldsskólanema bendir á að bakland foreldra sé ein af mikilvægustu breytunum þegar kemur að brottfalli úr framhaldsskólum, en drengir eru í miklum meirihluta brottfallsnema.

Skýrsla um brottfall framhaldsskólanema bendir á að bakland foreldra sé ein af mikilvægustu breytunum þegar kemur að brottfalli úr framhaldsskólum, en drengir eru í miklum meirihluta brottfallsnema.

Framangreint rímar við niðurstöðu úr skýrslu Menntamálastofnunar í fyrra um matsferil þar sem fram kemur í niðurstöðukafla:

*“Krafa um góða og gagnlega endurgjöf sem nýtist í umbótaskyni er mjög skýr af hálfu kennara og foreldra og ekki síst af hálfu nemenda sem líta á hana sem tækifæri til að gera betur í námi.”*

-Skýrsla Menntamálastofnunar frá Júní 2022 sem ber heitið: “Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið”

**Heimildir:** Upplýsingar frá bókaútgefanda, viðtöl við Dr. Hermund Sigmundsson, kennaraviðtöl, foreldraviðtöl. Skýrsla Menntamálastofnunar frá Júní 2022 sem ber heitið: “Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið” Skýrsla: Félagsleg og efnahagsleg staða og brottvarf úr íslenskum framhaldsskólum. Velferðarvaktin. 2022. Skýrsla: Ytra mat á grunnskólastarfi. Ársskýrsla 2021. Menntamálastofnun.

Þá benda sérfróðir aðilar á að við kaupum allt að 2,5x minna af bókum fyrir drengina okkar en stúlkurnar okkar, að almennt séð eru lægri námsvæntingar til drengja en stúlkna og þá hafa ýmsar rannsóknir sýnt að foreldrar tala almennt minna við drengi en stúlkur.

Almennt kom fram í viðtölum og mælingum að tengsl skóla við foreldra skora ekki mjög hátt. T.a.m. er tekið fram í Ytra mati Menntamálastofnunar á skólastarfi fyrir árið 2021 að bæta þurfi þessi tengsl: „Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.“ „Foreldrum er markvisst kynnt stoðþjónusta skólans og sveitarfélagsins.“

Hér kann því að vera verðmætt tækifæri til að virkja betur foreldra með skýrari leiðbeiningum og viðmiðum um þátttöku og stuðning í námi og velferð barna sinna.

Úrbóta virðist almennt vera þörf í leiðbeiningum heim um að tala meira við drengi um skólann, að sýna námi áhuga, að hvetja til lesturs og kaupa fleiri bækur fyrir drengi, hvernig hægt sé að styðja við heimanám, að veita skýrari mynd af framför og ferðalagi barnsins sem hægt er að styðja við og hvernig hægt sé að vinna meira með styrkleika og áhuga barnsins.

## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

1. Viðurkennum mikilvægi áhuga, virkni og árangurs hvers barns í menntun sinni og mótum mælikvarða til gæðaviðmiðunar.
2. Foreldrar eru skipulagt virkjaðir til aukinnar ábyrgðar og stuðnings við nám og velferð barna sinna með skýrum markmiðum og leiðbeiningum um hvernig þeir geti hjálpað.

## Karlkyns fyrirmyndir í námi eru fáar og fer fækkandi...

**17,9%**

kennara eru karlmenn

„(Það er) svo mikilvægt að þessir strákar hafi karlkyns fyrirmyndir í skólanum því ég hef oft séð það að þessir ungu strákar sem vinna í skólanum skilja strákana betur, leyfa þeim að leika af hörku og keppa en setja ramma.“

**-Svava Hjaltalín, kennari með 35 ára starfsreynslu**

„Við þurfum öll fyrirmyndir í lífinu og staðan er sú að karlmönnum við kennslu fækkar og fækkar. Það þarf að fjölga karlkennurum. Börn þurfa að hafa ólíkar fyrirmyndir og ekki einsleitir og í dag eru drengir líklega ekki með mikið af karlfyrirmyndum fyrir framan sig í skólakerfinu.“

**-Mjöll Matthíasdóttir, formaður félags grunnskólakennara**



**Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)**

3. Styrkjum kennarastéttina



# Hreyfipörf drengja er illa mætt og tjáning þeirra um vanlíðan og getu er gjarnan líkamlegri

Nær öll viðtöl við kennara og sérfræðinga komu á einn eða annan hátt inn á sama punktinn er varðar ríkulega hreyfipörf drengja og hvernig henni þarf að vera mætt í kennslustofunni. Ítrekað var rætt hversu algengt það var að hægt væri að ná fram talsvert betri árangri, líðan og virkni drengja með því að skapa umhverfi þar sem hreyfipörf drengja er mætt á þeirra forsendum.

Allir drengir sem rætt var við í djúpvíðtölum nefndu að fjölga ætti tækifærum til meiri hreyfingar aðspurðir um hverju þeir myndu helst vilja breyta í skólakerfinu. **Þetta var eina breytan, sem allir drengirnir nefndu.**

Dr. Hermundur Sigmundsson orðaði þetta svona:

*„Ég er búinn að skoða kynjamismun í 28 ár (byrjaði þá í doktorsnámi), byrjaði að skoða hreyfiproska. Þarna er kynjamunur. Fleiri drengir hafa hreyfiproskavandamál. Svo sá ég að það er mikil skörun á hreyfiproskavandamálum og öðrum vandamálum eins og lesvandamálum.*

*Það er gríðarlega mikilvægt að efla hreyfingu barna á skólatíma því það hefur jákvæð áhrif á ró, einbeitingu, sjálfsmynd, vellíðan, hreyfifærni og hreysti.“*

Fjöldi alþjóðlegra rannsókna staðfestir að betri einbeiting og vellíðan fæst í kjölfar hreyfingar. Algengasta viðmiðið er 10-15 mín af hreyfingu á hverja klukkustund af einbeitingu.

**Heimildir:** Viðtöl skýrsluhöfundar við kennara, foreldra og nemendur, febrúar-september 2023.

Viðtal við Dr. Hermund Sigmundsson í mars 2023.

Mynd: Framkölluð með gervigreind DALL-E eftir leiðbeiningum skýrsluhöfundar.

„Fara meira út til að taka fótbolta, því strákar missa fókusinn snemma.“  
-Drengur í 7. bekk

„Fleiri hreyfingarpásur hjálpa með einbeitingu í námi.“  
-Drengur í 10. bekk

„Hafa oftar pásur, ef það er búið að sitja lengi og læra mikið.“  
-Drengur í 10 bekk



## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

5. Eflum hreyfingu sem skipulagðari hluta af skóladeginum.



# Önnur lykilniðurstaða:

Drengjum **leiðist fremur í námi og þurfa skýrari tilgang og fjölbreyttari áskoranir** til að efla virkni og námsárangur

## Lykiláskoranir

Drengir upplifa frekar tilgangsleysi og leiðist í námi

Skortur er á skýrum viðmiðum og hvötum sem virkja drengi til náms og árangurs

Drengir eru næmari fyrir áhugadrifnu námi og fjölbreyttari kennsluaðferðum

Lakari námsárangur drengja stuðlar að auknu brottfalli úr framhaldsskóla og skertri innritun í háskóla

**Heimildir:** Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining.

Viðtöl við kennara, foreldra og nemendur af skýrsluhöfundum febrúar-september 2023.

Skýrsla Menntamálastofnunar frá Júní 2022 sem ber heitið: “Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið”

Rannsókn: Ungt fólk 2022: Landið: Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk. Rannsóknir og greining

Skýrsla: Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. Velferðarvaktin. 2022

Skýrsla: Ytra mat á grunnskólastarfi. Ársskýrsla 2021. Menntamálastofnun



# Drengir telja fremur að nám sitt sé tilgangslaust

Drengir eru í flestum mælingum talsvert líklegri til að telja að nám í skóla sé tilgangslaust.

Kennarar og foreldrar nefndu ítrekað í viðtölum að ein af lykilástæðum þess að strákar standa gjarnan síður í skóla sérstaklega m.t.t. námsárangurs er sú að þeir sjá ekki tilganginn í námi sínu eða því að ná góðum einkunum.

Samkvæmt gögnum Rannsóknna og greiningar frá árinu 2022 töldu t.d. **14% drengja** á framhaldsskólaaldri árið 2021 að nám sitt væri tilgangslaust en 8% stúlkna, nær tvöfaldur munur.

Í 8.-10. bekk töldu **18.3% drengja** að nám sitt væri tilgangslaust, nær fimmtungur allra nemenda.

Í niðurstöðum ytra mats grunnskóla árið 2021 kemur fram að umbóta sé þörf á þáttum eins og að nemendum sé gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og að nemendur taki þátt í að setja sér markmið í námi. Niðurstöður á matsferli sem MMS framkvæmdi árið 2022 gáfu til kynna að skortur sé á góðri og gagnlegri endurgjöf um nám sem nýtist í umbótaskyni.

**Heimildir:** Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining. Viðtöl við kennara og foreldra af skýrsluhöfundi febrúar-september 2023.

Skýrsla: Ytra mat á grunnskólastarfi. Ársskýrsla 2021. Menntamálastofnun

Rannsókn: Ungt fólk 2022: Landið: Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk. Rannsóknir og greining

Mynd: Tafla 9 á bls. 13 í niðurstöðuskýrslu rannsóknarinnar Ungt fólk 2022.

Skýrsla Menntamálastofnunar frá Júní 2022 sem ber heitið: "Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið"

Tafla 9. Hlutfall nemenda í 8. til 10. bekk sem segir að neðangreindar staðhæfingar um nám og skóla, eigi oft eða nær alltaf við um þau, árin 2020 og 2022.

|                                | 2020    |         |         | 2022    |         |         |
|--------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
|                                | Strákar | Stelpur | Samtals | Strákar | Stelpur | Samtals |
| Mér finnst námið tilgangslaust | 14.3%   | 8.8%    | 11.9%   | 18.3%   | 12.4%   | 16.0%   |

## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

1. Viðurkennum mikilvægi áhuga, virkni og árangurs hvers barns í menntun sinni og mótum mælikvarða til gæðaviðmiðunar.
2. Eflum framleiðslu og aðgang að fjölbreyttari námsefni.



# Drengjum leiðist frekar námið sitt

Drengir eru samkvæmt ýmsum mælingum og viðtölum líklegari til að leiðast við nám sitt.

Viðtöl gáfu þó misjafna mynd, því ítrekað var bent á tvennt:

Drengjum almennt séð leiðist frekar bóknám og „hefðbundin kennsla“ en eru oft talsvert virkari og finnast skemmtilegt þegar kennslan er meira verkleg, fer fram úti, skilar af sér afurð eða er stillt upp í „tilgangsríkari aðstæðum“.

Samkvæmt mælingum frá Rannsóknunum og greiningu árið 2022 segjast **29% drengja á framhaldsskólaaldri leiðast námið sitt** árið 2021 en 20% stúlkna. Í 8.-10. bekk eru þetta **38,5% drengja** og 29.2% stúlkna. Hér ber þó að benda á að tölurnar eru sannarlega háar hjá báðum kynjum, en talsvert hærri hjá drengjum.

Tafla 9. Hlutfall nemenda í 8. til 10. bekk sem segir að neðangreindar staðhæfingar um nám og skóla, eigi oft eða nær alltaf við um þau, árin 2020 og 2022.

|                   | 2020    |         |         | 2022    |         |         |
|-------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
|                   | Strákar | Stelpur | Samtals | Strákar | Stelpur | Samtals |
| Mér leiðist námið | 32.3%   | 23.7%   | 28.3%   | 38.5%   | 29.2%   | 34.8%   |

## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

1. Viðurkennum mikilvægi áhuga, virkni og árangurs hvers barns í menntun sinni og mótum mælikvarða til gæðaviðmiðunar.
2. Eflum framleiðslu og aðgang að fjölbreyttari námsefni.

**Heimildir:** Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining.

Viðtöl skýrsluhöfundar við kennara, foreldra og nemendur, febrúar-maí 2023.

Rannsókn: Ungt fólk 2022: Landið: Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk. Rannsóknir og greining.

Mynd: Tafla 9 á bls. 13 í niðurstöðuskýrslu rannsóknarinnar Ungt fólk 2022.





# Skortur er á skýrum viðmiðum og hvötum sem virkja drengi til náms og árangurs

Það var áberandi í öllum viðtölum við foreldra og meirihluta viðtala við kennara að matskerfi menntunar er ruglandi og ekki líklegt til að stuðla að árangri. Ein algengasta setningin sem fram kom var:

„Ég skil ekki hvað „á góðri leið“ þýðir“

Í niðurstöðukafla skýrslu um matsferil í samráði við skólasamfélagið kemur m.a. fram:

“Krafa um góða og gagnlega endurgjöf sem nýtist í umbótaskyni er mjög skýr af hálfu kennara og foreldra og ekki síst af hálfu nemenda sem líta á hana sem tækifæri til að gera betur í námi.“

“Endurtekin gagnrýni kom fram á fyrirkomulagi hæfnimiðaðs námsmats í samræmi við ákvæði aðalnámskrár. Það kom fram hjá öllum hópum að notendur ættu í erfiðleikum með að átta sig á eðli hæfnieinkunna, að fyrirkomulagið væri óaðgengilegt, ógagnsætt og illskiljanlegt. Bent var á að hæfniviðmiðin væru svo opin og í mörgum tilvikum svo huglæg að þau vörðuðu illa leið nemenda í námi og veittu litla endurgjöf varðandi stöðu hverju sinni.

Dr. Kristján Ketill Stefánsson, lektor í kennslufræðum við HÍ benti á að:

„Við þurfum námsamt þar sem nemendur geta borið sjálfan sig saman við eigin fyrri stöðu. En námsmat sem stöðugt sýnir að einn eða tveir nemendur eru langt á eftir er niðurdrepandi.

Það er hægt að nota keppnir í leik, án þess að það þýði stimplun fyrir einstaka nemendur. Þetta eru aðferðir sem eiga að vera í verkfærakistu allra kennara.“

**Heimildir:** Viðtal við Dr. Kristján Ketil Stefánsson, lektor í kennslufræði við HÍ.

Skýrsla: Ytra mat á grunnskólastarfi. Ársskýrsla 2021. Menntamálastofnun .

Leiðsagnarnám/leiðsagnarmat. Nanna Christiansen. Tímarit Kennslumiðstöðvar Íslands. 2021. Bls 28-30.

Embedded: Formative Assessment – Dylan William.

Viðtöl skýrsluhöfundar við foreldra og kennara tekin á tímabilinu febrúar-september 2023.

OECD. (2019). PISA 2018 Results (Volume II): Where All Students Can Succeed, bls. 30.

European Commission. (2017). Supporting the Teaching Professions for Better Learning Outcomes, bls.14.

“In general, **boys tend to be more performance-oriented than girls and are more likely to respond positively to competition and to clear criteria for success.**“

-OECD. (2019). PISA 2018 Results (Volume II): Where All Students Can Succeed, bls. 30

“**Clear targets for learning outcomes can be particularly effective for boys, who tend to prefer clear criteria and a sense of competition.**“

- European Commission. (2017). Supporting the Teaching Professions for Better Learning Outcomes, bls.14

Í Vesturbæjarskóla var unnið þróunarverkefni fyrir nokkrum árum þar sem áhersla var lögð á að efla færni og árangur drengja til jafns við stúlkur. Niðurstaðan var m.a. sú að leiðsagnarnám, sem felst í reglulegri endurgjöf og hvatningu skiptir miklu máli, ekki síst fyrir drengi. Þau kynntu sér kennsluáferðir sem byggja á leiðsagnarnámi og hafa sýnt góðan árangur víða um heim (Shirley Clarke, 2012).

Fimm lykilþættir leiðsagnarmats eru:

1. Að gera grein fyrir námsmarkmiðum og viðmiðum um árangur.
2. Kalla fram sannanir um að nemandi sé í raun að læra í takt við námsmarkmið.
3. Þjóða endurgjöf sem hreyfir námsferlið fram á við.
4. Virkja nemendur sem leiðbeinandi auðlind fyrir hvor aðra.
5. Stuðla að eignarhaldi nemenda á eigin námi.

## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

1. Viðurkennum mikilvægi áhuga, virkni og árangurs hvers barns í menntun sinni og mótum mælikvarða til gæðaviðmiðunar.
2. Eflum framleiðslu og aðgang að fjölbreyttari námsefni.
3. Styðjum verkefni sem gefið hafa góða raun og/eða sýna mælanlegan árangur á þann máta að hægt er að skala þau upp og innleiða víðar.



# Drengir eru næmari fyrir áhugadrifnu námi og fjölbreyttari kennsluaðferðum

Drengir eru samkvæmt mælingum og viðtölum minna líklegir til að leggja sig fram við nám sitt.

Fjöldi viðtala við kennara, foreldra og nemendur teiknuðu ítrekað upp sömu mynd að talsverður munur væri á því hversu mikið drengir og stúlkur leggja sig fram við nám sitt. Stúlkurnar væru almennt „samviskusamari“ en drengirnir skildu síður hvers vegna námið skipti máli.

*Þessi staða virðist þó ekki vera náttúruleg mál því fjöldi kennara lýsti því að drengir væru virkir og leggðu sig vel fram og jafnvel meira en stúlkur ef nálgun á nám þeirra væri meira verkleg, tilgangur útskýrður, afurðir skýrar, og meiri hreyfing, keppni og skýrir mælikvarðar væru til staðar. Síðast en ekki síst var minnst á að virkni drengja væri góð ef þeim væri mætt með áskorunum m.v. færni.*

Samkvæmt mælingum frá Rannsóknun og greiningu árið 2022 segjast **27% drengja á framhaldsskólaaldri ekki leggja nægilega rækt við nám sitt** en 20% stúlkna.



*„Allir mínir drengir eru með lestrarerfiðleika og varla læsir þó þeir séu komnir í 8-10 bekk. Það sem einkennir þessa drengi er að þeir hafa **engan áhuga á því námsefni sem er í boði.**“*

-Skólastjóri í sérskóla með jaðartilfelli.

## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

1. Viðurkennum mikilvægi áhuga, virkni og árangurs hvers barns í menntun sinni og mótum mælikvarða til gæðaviðmiðunar.
2. Eflum framleiðslu og aðgang að fjölbreyttara námsefni.
3. Eflum hreyfingu sem skipulagðari hluta af skóladeginum.

**Heimildir:** Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining. Viðtöl skýrsluhöfundar við kennara, foreldra og nemendur, febrúar-september 2023. Mynd: búin til með gervigreind í DALL-E eftir leiðbeiningum skýrsluhöfundar.



# Drengir upplifa veikari tilgang með námi sínu og leiðist fremur í námi

Það virðist hafa bein áhrif á að drengir leggja sig minna fram í námi og hefur áhrif á frammistöðu

## Staðan

Talsverður hluti drengja finnst nám sitt vera tilgangslaust og um þriðjungur drengja á unglingsstigi og í framhaldsskóla leiðist nám sitt.

14% drengja á framhaldsskólaaldri og 18.3% drengja í 8.-10. bekk, **nær fimmtungur telja nám sitt vera tilgangslaust.**

**29% drengja á framhaldsskólaaldri leiðist námið** sitt. Í 8.-10. bekk eru þetta **38,5% drengja.**

## Afleiðingar

Ein helsta skýring sem viðmælendur gáfu fyrir muninum á stöðu drengja og stúlkna í íslensku menntakerfi námslega séð var að drengir sjái oft lítinn tilgang með námi og að námsaðferðum sem gjarnan er beitt nái illa til margra drengja.

Þetta kann að stuðla að þeirri stöðu að **27% drengja á framhaldsskólaaldri leggja ekki nægilega rækt við nám sitt** og 22,6% í 8. til 10. bekk.

Niðurstöður viðtala gáfu frekar skýra mynd.

Drengjum almennt séð leiðist frekar bóknám og „hefðbundin kennsla“ en eru oft talsvert virkari og finnst skemmtilegt þegar kennslan er meira verkleg, fer fram úti, skilar af sér afurð eða er stillt upp í „tilgangsríkari aðstæðum“.

## Lausnalandslag

Nám sem er fjölbreyttara, skilar afurðum, þar sem áskoranir eru miðaðar við hæfni, þar sem tilgangur er útskýrður, þar sem hægt er að sjá og skilja árangur, þar sem lærdómur er verklegur hefur allt ítrekað sýnt fram á að virkja betur drengi til náms og minnka líkur á að þeim leiðist.

*„Þú virkjar börn með því að færa þeim ríkulegt landslag verkefna til að leysa. Lykilatriði í dag er að það vantar verkefni sem krakkinn hefur áhuga á og þarfnast uppbyggingar á verðmætari færni við að leysa.“*

--Kennarateymi með yfir 20 ára reynslu

*„Ég myndi skoða verkefnabanka. Að kennarar hefðu aðgang að verkefnabönkum þar sem þeir hefðu gagnreynd verkefni sem tækju mið af því umhverfi sem nemendur lifa við í dag.“*

-Formaður Skólameistarafélags Íslands

**Heimildir:** Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining.

Viðtöl við kennara, nemendur og foreldra, febrúar-maí 2023.

Skýrsla: Ytra mat á grunnskólastarfi. Ársskýrsla 2021. Menntamálastofnun.

Rannsókn: Ungt fólk 2022: Landið: Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk. Rannsóknir og greining.

Mynd: Tafla 9 á bls. 13 í niðurstöðuskýrslu rannsóknarinnar Ungt fólk 2022.



# Þriðjungur nemenda er ekki að fást við nám m.v. færni

Sú staða hefur áhrif inn í lykiláskoranir hjá drengjum; skólaleiða, brottfall og tilgangssleysi.

## Staðan

Fjöldi vísbendinga kom fram í viðtölum og mælingum um að talsverður fjöldi drengja leiðist í skólakerfinu vegna þess að námið þeirra sé of létt og að talsverður hluti drengja sýnir óæskilega hegðun vegna þess að þeir hafa dregist aftur úr í námi sínu. Með öðrum orðum, þá eru áskoranir m.v. hæfni ekki að skila sér til fjölda drengja.

Sé lítið til mælinga þar sem drengir segja að nám sitt sé annaðhvort of létt eða of þungt má áætla að þessi staða hafi áhrif á um einn þriðja af öllum drengjum í grunnskóla og framhaldsskóla, en einnig um þriðjung stúlkna.

Eitt helsta umkvörtunarefni kennara í viðtölum varðandi það að geta mætt drengjum í námi var að það væri skortur á fjölbreyttu námsefni þar sem bæði er hægt að finna námsefni með erfiðleikastig m.v. færni hverju sinni en líka námsefni sem höfðar til nemenda, þá sérstaklega drengja.

Að lokum er ljóst af samtölum við kennara og skorti á gögnum að takmarkað úrval er af stöðumötum sem geta hjálpað kennurum að meta færni barns og búa þá í kjölfarið til eða nálgast verkefni í takt við færni.

## Afleiðingar

Talsverður kynjamunur virðist vera til staðar samkvæmt viðtölum á viðbrögðum við því að fá ekki áskoranir m.v. færni. **Ef drengir eru með nám sem er of erfitt vegna þess t.d. að þeir hafa ekki náð grunnfærni í lestri sem er algeng staða m.v. viðtöl og mælingar þá eru þeir mun líklegari til þess að „fara í uppreisn“, trufla kennslustund og „flosna upp úr námi“.**

Drengir eru t.a.m. með nær tvöfalt meira brottfall úr framhaldsskóla en stúlkur og í skýrslu sem var unnin fyrir forsætisráðuneytið kemur fram: „*Samkvæmt niðurbrotsgreiningunni er meirihlutinn af muninum á brotthvarfslíkum drengja og stúlkna kominn til vegna námsárangurs, eða 77,4%.*“

## Lausnalandslag

Það þarf fleiri mælingar á færni s.s. stöðumat í lestri og tungumálaþroska.

Tryggja þarf mun dýpri og fjölbreyttari aðgang að kennslugögnum sem bjóða upp á t.a.m. fjölbreyttari kennsluaðferðir þar sem er hægt að mæta börnum þar sem þau eru, m.v. þeirra getu og með aðferðum sem höfða til þeirra.

Hægt er að nýta menntatækni í mun meira mæli.

„Skýr ósk kom fram um að kennarar hafi aðgang að einhvers konar prófabanka (verkfærakistu) þangað sem þeir geta sótt próf í íslensku og stærðfræði (og mögulega í fleiri námsgreinum) til að leggja fyrir nemendur sína á tímarpunktum sem þeim hentar“

-Niðurstöðukafli skýrslu Menntamálastofnunar frá júní 2022 sem ber heitið: “Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið”

**Heimildir:** Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknir og greining. Viðtöl skýrsluhöfundar við kennara, foreldra og nemendur, febrúar-maí 2023.

Skýrsla Menntamálastofnunar frá júní 2022 sem ber heitið: “Matsferill Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið”.

Rannsókn: Ungt fólk 2022: Landið: Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk. Rannsóknir og greining.



# Drengir eru mun líklegri til að detta út úr framhaldsskóla og inngrip sem bætir námsárangur drengja er líklegast til að minnka brottfall þeirra

„Námsárangur og brotthvarfslíkur stúlkna og drengja eru mismunandi og í báðum tilfellum hallar á drengi.“

„Þannig var meðaleinkunn drengja í gögnunum í stærðfræði í 10. bekk 6,86 en stúlkna 7,51. Í íslensku var meðaleinkunn drengja 6,92 en stúlkna var 7,79. 40,6% drengja féllu að minnsta kosti einu sinni brott úr námi á aldrinum sautján til tuttugu og tveggja ára og 27,1% stúlkna.“

„Samkvæmt niðurbrotsgreiningunni er *meirihlutinn af muninum á brotthvarfslíkum drengja og stúlkna kominn til vegna námsárangurs*, eða 77,4%.“

„Ef markmiðið er að draga úr muninum á brotthvarfi drengja og stúlkna þá virðist leiðin til þess vera inngrip sem bæta námsárangur drengja.“


## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

Allar átta tillögurnar stuðla að bættum námsárangri drengja alla leið upp í háskóla.

Hlutfall kk:kvk

1,06 1,23 1,49 1,38 1,48 1,60

Mynd 3. Brotthvarf eftir fyrsta ár í framhaldsskóla 2010 til 2019  
Heimild: Menntamálaráðuneytið



Heimild: Skýrsla: Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. Velferðarvaktin. 2022  
Mynd frá bls. 6 í skýrslunni. Tilvitnanir á bls. 31-32.



## Þriðja lykilniðurstaða:

# Drengir þurfa meiri **tungumálastuðning**

### Lykiláskoranir

Drengir mælast talsvert á eftir stúlkum í tungumálagetu, sérstaklega lestri og málskilningi

Drengir virðast vera mikill meirihluti þeirra sem greinast með málþroskaáskoranir

Drengir mælast með minni innri áhugahvöt á lestri

Málþroskaáskoranir á unga aldri virðast ýta undir vaxandi áskoranir alla skólagönguna

Heimildir: Skýrsla Menntamálaráðherra um læsi. 2023.

Upplýsingar úr viðtölum við hjúkrunarfræðinga og kennara.

Gögn úr biðlistum Tröppu.

PISA 2018 og 2022 niðurstöður.

Samtöl við Tinna Tómasdóttir, Tinnu Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðinga.

Langtímarannsókn: Samvinna um læsi fyrir alla, Anna Lind Pétursdóttir. 2023.



# Drengir mælast talsvert á eftir stúlkum í tungumálagetu, sérstaklega lestri

47% drengja voru undir hæfniprepi 2 í PISA 2022 mælingunum og teljast því ekki búa yfir grunnhæfni í lesskilningi samkvæmt skilgreiningu OECD. 32% stúlkna voru í sama þrepi. Þetta er mikil afturför frá aldamótum þegar 20% drengja voru í sama þrepi.

„Nánari skoðun á frammistöðu í verkefnum sýnir að íslenskir nemendur eiga almennt erfiðast með verkefni sem snúast um að meta texta og bera þá saman. Í þessu felst meðal annars að meta gæði, trúverðugleika, efnistöð, form og stíl textanna og bera saman ólík sjónarmið eða rök sem þar koma fram.“

-Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um læsi. 2023. Bls. 14.

Samkvæmt talmeinafræðingum er rætt var við eru drengir almennt séð seinni í málþroska og eru oftast með frávík en stelpur. Enda eru drengir yfirleitt 60-80% þeirra sem greinast með málþroskaáskoranir hverju sinni á Íslandi.

„Ef skoðaður er kynjamunur í lesfimi eftir bekk sést að frammistaða stúlkna er ávallt betri en frammistaða drengja en munurinn virðist byrja að einhverju marki sem máli skiptir við lok 4. bekkjar, þaðan sem hann eykst árlega.“

-Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um læsi. 2023. Bls. 19.

Nær allar rannsóknir sem hafa verið gerðar á langtímaþróun lesfærni hér á landi gefa til kynna að mikilvægast sé að minnka getubilið sem fyrst, vegna þess að það eykst eftir því sem líður á skólagönguna.

Heimildir: PISA 2022 niðurstöður

Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um læsi frá 2023.

Samtöl við Tinna Tómasdóttir, Tinnu Sigurðardóttir og Ásthildur BJ Snorradóttir, talmeinafræðinga.

Gögn frá Tröppu sem sýna að 66% allra barna (292 í heildina) sem hafa verið á biðlista eða hlotið þjónustu Tröppu vegna málþroskaáskorana á árunum 2019 til 2023 eru drengir.

Langtímarannsókn: Samvinna um læsi fyrir alla, Anna Lind Pétursdóttir. 2023

Rannsóknir á lestraráhugahvöt íslenskra nemenda (Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir o.fl., 2018)

„Rannsóknir hafa sýnt að hljóðkerfisvitund og málskilningur barna við lok leikskóla skýrir um 35% til 43% af dreifingu einkunna í íslensku á samræmdum prófum og milli 20% til 39% af dreifingu einkunna í stærðfræði.“

„Rannsóknir á lestraráhugahvöt íslenskra nemenda (Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir o.fl., 2018) draga fram þær miklu framfarir í lesskilningi á milli 5. og 6. bekkjar á Íslandi sem vænta má hjá nemendum með mikla innri lestraráhugahvöt. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að drengir á miðstigi mælast töluvert lægri en stúlkur á þáttum sem tengjast innri lestraráhugahvöt og hærri á þáttum sem tengjast ytri lestraráhugahvöt. Einnig sýndi rannsókn Sigrúnar Jónatansdóttur o.fl. (2017) hvernig lesskilningur mældist töluvert lægri í 10. bekk á Íslandi að meðaltali hjá drengjum og hvernig hægt var að skýra kynjamuninn í lesskilningi með kynjamuninum á innri áhugahvöt. Niðurstöðurnar styðja við niðurstöður fyrri rannsókna sem benda til að kennsluáðferðir sem miða að því að vekja innri lestraráhugahvöt (t.d. áhersla á þjálfun lestrarfærni þar sem samhliða er unnið með forvitni og virka þátttöku nemandans) geti verið sérstaklega gagnlegar fyrir nemendur sem sýna slakan lesskilning.“

-Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um læsi. 2023. Bls. 19-33.

## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

4. Eflum málþroska, málskilning og innri áhugahvöt til lesturs á öllum stigum.



# Málproski og þekking við upphaf grunnskóla er lykilbreyta í námsgengi alla skólagönguna. Greining, inngrip og eftirfylgni snemma er líklega með bestu fjárfestingum sem hægt er að beita.

## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

4. Eflum málproska, málskilning og innri áhugahvöt til lesturs á öllum stigum.

„Niðurstöður íslenskra... og erlendra rannsókna... hafa sýnt að málþekking barna við upphaf grunnskóla skiptir miklu máli fyrir námsgengi þeirra. Einnig eru vísbendingar um að góð málþekking á þessum aldri spái fyrir um gengi síðar, þ.e. á samræmdum prófum í íslensku... Niðurstöður rannsóknarinnar sem þessi grein er byggð á sýna að rúmur helmingur þátttakenda (57%) heldur áfram að vera í sama færniþópi upp grunnskólann, miðað við þá færniþópa sem skilgreindir voru í rannsókninni, og á HLJÓM-2 í leikskóla... Niðurstöður... virðast því vera í takt við það sem Stothard og félagar (1998) ályktuðu, að börn sem eru með frávik við 5½ árs aldur eigi í talsverðum erfiðleikum alla skólagönguna.“

„Lestrargeta hefur gífurleg áhrif á námsgengi, ekki bara í móðurmáli viðkomandi heldur er meðal annars talin hluti af skýringu á einstaklingamun í árangri í náttúruvísindum langt fram á unglingsár.“

„Niðurstöður þessarar rannsóknar eru í samræmi við niðurstöður lowa-rannsóknarinnar, þar sem þátttakendum var fylgt eftir í 10 ár, en þá sýndu niðurstöður að af þeim þáttum sem voru mældir við upphaf skólagöngunnar skýrðu málþekking og hljóðræn úrvinnsla mest af dreifingu í lestri stakra orða og mismun í lesskilningi. Í þeirri rannsókn kom einnig í ljós að nemendur sem voru með slaka hljóðkerfisvitund við upphaf grunnskóla voru enn að glíma við undirliggjandi erfiðleika sem sást til dæmis í stafsetningu þó að þeir væru búnir að ná tókum á lestri og ná meðalfærni eða góðri færni á síðari prófum (Catts o.fl., 2014).“

-Tengsl niðurstaðna á HLJÓM-2 við gengi á samræmdum prófum. Hverjir bæta stöðu sína og hverjir dragast aftur úr? - Amalía Björnsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir

Flestir talmeinafræðingar, sérkennarar og læsisfræðingar sem rætt var við voru sammála um gífurlegt mikilvægi þess að grípa málproskafrávik snemma og færa öllum börnum kröftugan stuðning strax frá leikskólaaldri.

„Það þarf að virkja niðurstöður frá heilsugæslunni úr greiningarprófum sem eru stöðluð: PEDS 18 mánaða og Brigance þroskamat 2,5 ára og 4 ára og grípum inn í þar. Það eru stöðluð mælitæki til sem virka. Staðlað þroskamat til að finna börn í áhættu. Síðan eru til fleiri próf og verkfæri eins og HLJÓM 2, Orðaskil, orðaforðapróf, Á milli mála og fleiri. Lausnirnar eru til. Það þarf samvinnu fagstétta. Skoða niðurstöðurnar og setja ihlutun strax, fræðslu til foreldra og síðan kennslu á leikskólunum.“

„Stór hluti af ástæðunni fyrir því að stór hluti drengja er ekki vel læs er að þeir fá ekki nægilegan stuðning þegar þeir eru ungir. Allar rannsóknir sýna að ef málproskin er í ólagi þá geturðu ekki lært eðlilega og eignast vini og þá flosnar þú upp úr skóla.“

-Ásthildur Snorradóttir, talmeinafræðingur

„Markvissar áætlanir, mælingar og eftirfylgni er gríðarlega mikilvægt fyrir málproska barna.

Það sem vantar meira í leikskólana er tími fyrir kennara til að ígrunda og undirbúa og þá kennara sem eru færir í tungumálakennslu og málproska til að kenna öðrum kennurum.

Hljóm 2 (málproskaskimun 5 ára) og TRASH (Lengri tíma skimun og eftirfylgni sem metur einbeitingu, athygli, hlustun og skilning) og EFI (málproskaskimun), Orðagull (orðafjöldamæling). Við grípum svo inn í byggt á þessu. Þegar þetta er gert skipulega þá næst mikill árangur“

-Helga Björk Valgerðar Björnsdóttir, leikskólustjóri

Heimildir: Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun Sérrit 2016, Ritrynd grein birt 7. september 2016 Amalía Björnsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir

Tengsl niðurstaðna á HLJÓM-2 við gengi á samræmdum prófum Hverjir bæta stöðu sína og hverjir dragast aftur úr?

Viðtöl við: Tinna Sigurðardóttir, talmeinafræðing, Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, læsisfræðing, Nönnu Christiansen, uppeldis og menntunarfræðing, Svövu Þórhildi Hjaltalín, sérkennara, Tinna Tómasdóttir, talmeinafræðingur, Ásthildi Snorradóttir, sérkennara og talmeinafræðing, Helgu Björk Valgerðar Björnsdóttir, leikskólustjóra



# Í framhaldi af því að málproskagreiningar, inngrip og stuðningur eru tryggð þarf að vinna að langtíma uppbyggingu málskilnings og er innri áhugahvöt lykilverkfæri

Vitað er að málproski barna við lok leikskóla leggur grunninn að góðu námsgengi og líðan barna upp allan grunnskólann.

Einnig sýndi rannsókn Sigrúnar Jónatansdóttur o.fl. (2017) hvernig lesskilningur mældist töluvert lægri í 10. bekk á Íslandi að meðaltali hjá drengjum og hvernig hægt var að skýra kynjamuninn í lesskilningi með kynjamuninum á innri áhugahvöt. Niðurstöðurnar styðja við niðurstöður fyrri rannsókna sem benda til að kennsluáðferðir sem miða að því að vekja innri lestraráhugahvöt (t.d. áhersla á þjálfun lestrarfærni þar sem samhliða er unnið með forvitni og virka þátttöku nemandans) geti verið sérstaklega gagnlegar fyrir nemendur sem sýna slakan lesskilning.

-Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um læsi. 2023.

Þrjár tillögur koma fram í læsissskýrslunni sem taldar eru áhrifaríkastar til að sporna gegn lækkanði ánægju af lestri meðal barna á Íslandi.

1. Efla kennaranám á Íslandi með þjálfun í vísindalega staðfestum kennsluáðferðum sem styðja við innri lestraráhugahvöt nemenda (t.d. með áherslu á skimun og snemmtæka ihlutun hjá börnum sem greinast með erfiðleika við umskráningu og málskilning; fyrir yfirlit yfir kennsluáðferðir sem styðja við áhugahvöt til náms, sjá Anderman og Anderman, 2020).
2. Styðja skóla og skólabókasöfn við innleiðingu kennsluáðferða sem styðja við innri lestraráhugahvöt nemenda.
3. Auka fræðslu til foreldra og barna um mikilvægi þess að veita tíma og tækifæri til lesturs og að annarri miðlanotkun séu sett mörk í samræmi við aldur og þroska.

-Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um læsi. 2023.

## Tilheyrandi lausnalandslag (sjá 8 tillögur)

3. Eflum málþroska, málskilning og innri áhugahvöt til lesturs á öllum stigum.

**Heimildir:** Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun Sérít 2016, Ritrynd grein birt 7. september 2016 Amalía Björnsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. Tengsl niðurstaðna á HLJÓM-2 við gengi á samræmdum prófum Hverjir bæta stöðu sína og hverjir dragast aftur úr? [https://netla.hi.is/serrit/2016/um\\_laesi/06\\_16\\_laesi.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/06_16_laesi.pdf)





# Hvað er að virka vel?



## Hvað virkar

Í mælingum og viðtölum komu fram nokkur verkefni, nálganir eða aðferðarfræði sem virðist virka vel gagnvart lykiláskorun drengja og ætti hugsanlega að skoða að styðja inn á víðari svið

### Kveikjum Neistann

Kveikjum Neistann er tilraunaverkefni sem er nú að hefja sitt þriðja ár í Vestmannaeyjum sem hefur sex lykila sem margir hverjir takast á við þær lykiláskoranir drengja sem farið hefur verið yfir hér að framan. Lyklarnir eru:

**Lykill 1:** Læsi. 'bókstaf-hljóða aðferð/hljóðaaðferð'. Þegar læsi er náð koma áskoranir miðað við færni, s.s. lestur bóka, lesskilningur, textagerð, skapandi skrif og munnleg framsögn.

**Lykill 2:** Grunnþættir stærðfræðinnar festir í sessi áður en kemur að öðrum þáttum. Áhugi og ástríða fyrir náttúrufræði. Áhersla á verkleg (hands on) verkefni.

**Lykill 3:** Hugarfar, ástríða, þrautseigja, tilgangur.

**Lykill 4:** Efla hreyfingu.

**Lykill 5:** Þjálfunartíminn. Allir fá áskoranir miðað við færni í grunnfögum.

**Lykill 6:** Ástríðutíminn. Nemendur fá val um skapandi fög.

Árangur hefur verið góður og almennur samhljómur meðal foreldra, kennara og skólastjórnenda að verkefnið sé að virka vel. Ein af lyklniðurstöðum eftir annað árið er að 83% barna mælast fulllæs samanborið við 52% barna í þátttökuskólum víðsvegar um landið. Engin kynjamunur mældist á lesárangri drengja og stúlkna í Vestmannaeyjum. Þessi árangur er markverður og ætti að skoða í víðara samhengi.

### Leiðsagnarnám

Í Vesturbæjarskóla var unnið þróunarverkefni fyrir nokkrum árum þar sem áhersla var lögð á að efla færni og árangur drengja til jafns á við stúlkur. Niðurstaðan var m.a. sú að leiðsagnarnám, sem felst í reglulegri endurgjöf og hvatningu skipti miklu máli, ekki síst fyrir drengi. Þau kynntu sér kennsluáðferðir sem byggja á leiðsagnarnámi og hafa sýnt góðan árangur (Shirley Clarke, 2012).

Fimm lykilþættir leiðsagnarmats eru:

1. Að gera grein fyrir námsmarkmiðum og viðmiðum um árangur.
2. Kalla fram sannanir um að nemandi sé í raun að læra í takt við námsmarkmið.
3. Þjóða endurgjöf sem hreyfir námsferlið fram á við.
4. Virkja nemendur sem leiðbeinandi auðlind fyrir hvor aðra.
5. Stuðla að eignarhaldi nemenda á eigin námi.

**Heimildir:** Rannsókn á Hjallastefnunni: Unnin á vegum Háskólans í Reykjavík fyrir Hjallastefnuna á Íslandi, 2014-2016. Berglind Gísladóttir og Hrefna Pálsdóttir. 2017.

Niðurstöður úr lesprófum Kveikjum Neistann frá Grunnskóla Vestmannaeyjar í júní 2023.

Viðtöl við nemendur, kennara og foreldra á tímabilinu febrúar-júní 2023.

Viðtal við Margréti Pálu Ólafsdóttur.

Viðtal við Dr. Hermund Sigmundsson.

### Þemavikunálgun á kennslu

Þemavikan virkar. Það var mat fjölda kennara og drengja og foreldra, aðspurð um hverskonar nálgun á nám hentar drengjum vel.

Þemavikur eða Opnir dagar almennt virkja drengi vel í námi, þjóða fjölbreytta nálgun á kennslu, tengja nám við verklega útfærslu, hafa afurð úr náminu, sterkan tilgang og vanalega hreyfingu, útivist eða sköpun sem hluta af ferlinu.

### Hjallastefnan

Hjallastefnan er stærsti einkaaðili sem sér um skólarekstur á Íslandi og rekur nú þrjá grunnskóla ásamt fjölda leikskóla.

Ólík nálgun er á kynin. Drengir fá sér áherslu á mildi, áhersla er á uppbyggilega kærleiksrika snertingu eins og faðmlög og eflingu tilfinningaþroska og lestur fer gjarnan fram úti. Hreyfing og útivera er alltaf stór hluti af öllu námi.

Nokkrar rannsóknir gefa til kynna góðan árangur fyrir drengi af starfi Hjallastefnunnar. T.a.m var rannsókn á vegum HR unnin á árunum 2014-2016 sem sýndi nokkuð hærri meðaleinkunnir Hjallastefnubarna í unglingsáldri í Garðabæ m.v. börn sem komu frá öðrum skólum. Þá var einnig hærri hlutfall drengja sem mældist með trú á eigin námsgetu sem komu frá Hjallastefnuskóla.



# Niðurstöður rannsókna erlendis sýna að fjögur verkfæri skora hæst þegar kemur að áhrifum, kostnaði og rannsóknargrunn

Education Endowment Foundation er óháður rannsóknasjóður sem hefur það markmið að kortleggja hverskonar menntainngrip virka út frá rannsóknum, kostnaði og áhrifum.

Sé litið til þeirra fjögurra verkfæra sem skora hæst þá eru þau eftirfarandi:

1. Endurgjöf (e. Feedback)
2. Ferill sjálfstjórnunnar (e. Metacognition and self regulation)
3. Áætlun til að auka lesskilning (Reading comprehension strategies)
4. Munnlegur tungumálastuðningur (Oral Language Interventions)

## Teaching and Learning Toolkit

An accessible summary of education evidence

### About the Toolkits



The Toolkits are based on real life data about what has happened when particular approaches have been used in schools before.

The Toolkits do not make definitive claims as to what will work to improve outcomes in a given school. Rather they provide high quality information about what is likely to be beneficial based on existing evidence – ‘best bets’ for what might work in your own context.

#### Feedback

Very high impact for very low cost based on extensive evidence.



+6

#### Metacognition and self-regulation

Very high impact for very low cost based on extensive evidence.



+7

#### Reading comprehension strategies

Very high impact for very low cost based on extensive evidence.



+6

#### Oral language interventions

Very high impact for very low cost based on extensive evidence.



+6





# Hvernig eru drengir að læra í nútímaumhverfi?

## Lærdómur frá tölvuleikjaiðnaðinum

Drengir læra t.a.m. í gegnum tölvuleiki sem eru sá iðnaður sem eyðir einna mestu fjármagni í veröldinni í að kenna ungu fólki á flóknaðar vörur. Það eru nokkrir fastar sem alltaf er stuðst við í slíku námi

1. Tilgangur er skýr
2. Saga er notuð
3. Lærdómur í gegnum aðgerðir (e. learn by doing)
4. Verðlauna- og hvatastrúktúr sterkur og gegnsær





# Lokaorð



## Horft til framtíðar

Öll getum við sammælst um það að vilja börnunum okkar það besta. Við viljum hjálpa þeim að finna styrkleika sína og áhugasvið, efla sjálfstraust þeirra og hvetja þau áfram til þess að geta orðið virkir þátttakendur í samfélaginu.

Sú staða sem nú liggur fyrir í menntakerfinu og er tíunduð í þessari samantekt leiðir af sér að samfélagið er svo sannarlega ekki að ná því besta úr mannauði drengjanna okkar.

Það sem einkenndi þó alla vinnuna við skýrsluna var samhugur þeirra mörgu og öfluglu einstaklinga, sveitarfélaga, skóla, fjárfesta, kennara, stjórnámálamanna, foreldra, atvinnurekenda, skólastjórnenda, sérfræðinga, leiðtoga og nemendanna sjálfra um að þrátt fyrir að áskorunin sé mikil og alvarleg þá er hægt að bretta upp ermar og byrja að snúa vörn í sókn strax. Fyrir liggur í þessari skýrslu kortlagning á áskorunum en einnig tillögur að lausnum.

Nú standa yfir viðamiklar breytingar á íslensku menntakerfi. Innleiðing menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030 stendur yfir, ný frumvörp um eflingu skólaþjónustu og námsgögn hafa verið lögð fram, ný stofnun á sviði menntamála hefur hafið störf með áherslu á aukinn stuðning við skóla, kennara og foreldra, auk annarra breytinga. Mikilvægt er að þær tillögur sem lagðar eru fram hér fái brautargengi meðal aðgerða menntayfirvalda og framkvæmdaaðila, drengjum okkar og samfélagi til hagsbóta. Með sameiginlegu átaki er hægt að ná miklum, skilvirkum og sannreynanlegum árangri þegar kemur að líðan, virkni og árangri drengja í íslensku menntakerfi.

